

TÍSKA ÓVENJULEGA FÓLKSINS

Markar lokun Sirkus endalok treflanna sem kenna sig við 101 Reykjavík?



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. febrúar 2008 – 46. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR



FJÖRUGT FIMM-TUGSAFMÆLI

Björn Thoroddsen gítarleikari fagnaði fimmtugsafmæli sínu. Meðal gesta sem tróðu upp var stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson.

FÓLK 50

Uppspretta tækifæra

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, segir að það muni taka markaðinn góðan tíma að jafna sig á óróanum sem einkennir hann í dag.

HELGIN 32

Paparnir hættir

Hljómsveitin Papar hefur lagt upp laupana eftir 22 ára starf. Matthías Matthíasson söngvari segir þá hafa ákveðið að hætta á toppnum.

FÓLK 52




HÚS&HEIMILI

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTUSAMT Í dag verður yfirleitt hæg suðvestlæg átt. Rigning eða skúrir víða um land fyrir hádegi en úrkomliðið eystra eftir hádegi. Milt í veðri.

VEÐUR 4



Í einangrun í fjóra mánuði í Færeyjum

Íslenskur karlmaður hefur setið í einangrun í færeysku fangelsi í um fjóra mánuði. Hann var handtekinn í september í tengslum við Pólstjórnumálið. Hjá honum fundust tvö kíló af fíkniefnum. Hann verður ákærður í byrjun apríl.

LÖGREGLUMÁL Íslendingurinn sem hefur setið í fangelsi í Færeyjum vegna Pólstjórnumálsins hefur verið í einangrun í nær fjóra mánuði. Mál hans verður dómtekið í byrjun apríl.

Maðurinn var handtekinn 18. september og þá úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann var þá settur í einangrun. Októbermánuð allan var einangruninni aflétt og maðurinn var í opinni gæslu, en síðan var hann aftur settur í einangrun í lok þess mánaðar og er þannig vistaður enn.

Íslendingurinn verður ákærður

fyrir vörslu á tveimur kílóum af fíkniefnum svo og aðild að Pólstjórnumálinu í heild sinni. Sex íslenskir karlmenn voru dæmdir í því máli í gær.

Varðandi einangrunarvistina segir Linda Margarete Hasselberg, saksóknari í máli Íslendingins, að ástæða þess að fólki sé haldið í einangrun sé sú að grunur leiki á um að viðkomandi hafi möguleika til að hafa áhrif á framburð vitna. Hún kveðst ekki vilja tjá sig um þetta tiltekna mál, til að mynda hvers vegna Íslendingurinn hafi verið settur aftur í einangrun.

Saksóknari segir að Íslendingurinn fái að fara út öðru hvoru en megi ekki umgangast aðra en starfsmenn fangelsisins.

„Við notum sjaldan einangrunarvist hér í Færeyjum,“ segir saksóknari. „En þarna er um mjög alvarlegan glæp að ræða og að mati ákærvaldsins er enginn annar kostur í stöðunni. Við endurmetum stöðuna í hverri viku.“

Málsmeðferð fyrir dómi hefst 7. apríl. Tölf manna kviðdómur verður kallaður til en það er gert þegar brotið er talið geta varðað fjögurra ára fangelsi eða meira. - jss / sjá síðu 6



Þriggja vikna gæsluvarðhald Annþór Kristján Karlsson sést hér leiddur fyrir Héraðsdóm Reykjaness um kvöldmatarleytið í gær. Þar var hann dæmdur í þriggja vikna gæsluvarðhald, grunaður um aðild að innflutningi vímuefna. Tveimur mönnum, sem handteknir voru í tengslum við flóttann, var sleppt eftir yfirheyrslur í gær, en fjórði maðurinn, sem var handtekinn með Annþóri í Mosfellsbæ, situr vonandi í klefa sínum og bíður skýrslutöku. Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Baltasar Kormákur semur við fyrirtæki stórleikarans Tom Hanks:

Leikstýrir kvikmynd í Hollywood

FÓLK Baltasar Kormákur mun leikstýra kvikmyndinni Run for her life með Dermot Mulroney í aðalhlutverki. Framleiðslufyrirtæki Tom Hanks og eiginkonu hans, Playton Films, kemur að gerð myndarinnar. Tvær þekktar leikkonur bætast í hópinn á næstunni. Myndin verður tekin

upp í Los Angeles, Nýju Mexíkó og Tiljuna í Mexíkó.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Baltasar ekki hafa nein áform um að setjast að vestra. „Ég er fimm barna faðir og nenni ekki að hanga í einhverju hitakófi barna fyrir vestan.“

- fgg/ sjá síðu 58



BALTASAR KORMÁKUR Leikstýrir sinni fyrstu kvikmynd í Hollywood.



LITLA-HRAUN Erlendu fangarnir eru duglegir að vinna í fangelsinu og sýna af sér góða hegðun.

Tölur frá Fangelsismálastofnun: Sextán prósent fanga erlend

FANGELSISMÁL Rúmlega sextán prósent fanga í íslenskum fangelsum eru útlendingar samkvæmt tölum sem Fangelsismálastofnun tók saman fyrir Fréttablaðið í gær. Um fjörtutíu prósent þeirra eru Litháar.

Erlendu fangarnir þykja fyrirmyndarfangar, eru duglegir í vinnu og til friðs. „Það er mín tilfinning að þeim finnist þeir ekki hafa neinu að tapa. Ef smyglið tekst koma þeir út í gróða ef það mistekst fá þeir vinnu í fangelsi á launum sem þykja bærileg í Litháen,“ segir Einar Loftur Högnason fangavörður.

- kdk, - mh/ sjá síðu 12

Kjaraviðræðum miðar áfram: Setið og karpað fram á nóttina

VINNUMARKAÐUR „Það hefur miðað ágætlega og mér sýnist að þessar sameiginlegu kröfur, sem við kynntum í desember, klárast í kvöld,“ sagði Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, á tíunda tímanum í gærkvöldi.

Grétar sat þá ásamt formönnum landsambanda ASÍ og forsvarsmönnum Samtaka atvinnulífsins hjá sáttasemjara.

„Við verðum eflaust fram á miðnætti. En þótt við klárum allt á milli ASÍ og SA verður ekkert gengið frá samningum nema með aðkomu ríkisstjórnarinnar,“ sagði hann.

- kóp

Þú leggur línurnar
Létt & laggott!



L&L
- Línurnar í lag!

NÆSTUM NÝIR BÍLAR
www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



Sveinn, hvar er best að veiða um helgina?

„Það er spurning, eru þeir ekki enn að leita að þessari loðnu? Annars er ég úr Skagafirði og myndi telja best að veiða þar.“

Sveinn Margeirsson er deildarstjóri hjá Mátis, sem var að kynna nýjan hugbúnað sem meðal annars segir til um hvar best sé að veiða.

Sautján ára drengur dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi:

Káfaði á átta ára stjúpsystur sinni

DÓMSMÁL Sautján ára drengur hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stjúpsystur sinni. Hann var fimmtán ára þegar brotin voru framín, hún átta ára.

Drengurinn játaði að hafa farið nokkrum sinnum upp í rúm til stúlkunnar þegar hún gisti hjá föður sínum, stjúpfaðer drengsins, og káfaði á henni innan sem utan klæða. Þetta gerðist frá 21. ágúst 2006 til 24. mars 2007. Stúlkun þóttist vera sofandi þegar brotin áttu sér stað.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að drengurinn hafi sætt geðrannsókn vegna ungs aldurs, og verið metinn sakhæfur. Lítið hafi verið til alvarleika brotanna þegar refsing hans var ákveðin, en tekið hafi verið með í reikninginn að hann hafi sjálfur verið barn í lagalegum skilningi þegar hann framdi brotin.

Stúlkun hefur átt við andlega erfiðleika að stríða í kjölfar misnotkunarinnar, segir í úrskurði Héraðs-

GISTI HJÁ GERANDA

Foreldrar stúlkunnar skiptu með sér forræði yfir henni þegar brotin áttu sér stað. Hún gisti á sama heimili og drengurinn aðra hvora viku.

Drengurinn fór nokkrum sinnum upp í rúm til stúlkunnar, ýmist þegar hún gisti á dýnu í herbergi hans eða í næsta herbergi.

Stúlkun sagði móður sinni frá brotinum í maí í fyrra. Hún fór til Barnaverndar Reykjavíkur, sem óskaði 1. júní eftir því að brotið yrði rannsakað.

Við skýrslutöku hjá lögreglu sagðist drengurinn sjá mikið eftir því sem hann gerði. Ástæðan hefði aðallega verið forvitni og kynferðisleg örvun.

dóms. Auk refsingarinnar var hann látinn greiða stúlkunni hálf milljón í bætur og eina milljón í sakarkostnað.

- sfs

Launabónus í Reykjanesbæ:

Starfsmenn fá hvatagreiðslur

REYKJANESBÆR Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að leggja til hvatagreiðslur, alls 35,1 milljón króna, til starfsmanna Reykjanesbæjar. Hvatagreiðslurnar verða greiddar einu sinni til tvisvar á ári.

Markmiðið, að sögn bæjarstjóra, er að koma til móts við auknið álag starfsmanna vegna örrar fjölgunar íbúa í bæjarfélaginu, stuðla að góðri þjónustu og draga úr starfsmannahætti og fjarvistum vegna veikinda. Við úthlutanir verður tekið mið af frammistöðu starfsmanna á liðnu ári, fjarvasta vegna veikinda og gæða þjónustu.

- áf



VONSKUVEÐUR VAR Á LEITARSVÆÐINU Nítján manns tóku þátt í leitinni á jeppum, vélsleðum og snjóbilum.

MYND/NJÁLL Ó. PÁLSSON

Skíðamönnum bjargað:

Biðu hjálpar í tjöldum sínum

LEIT Tveimur frönskum skíða-göngumönnum var bjargað af hálendinu ofan Eyjafjarðar á þriðjudaginn. Höfðu þeir ætlað að ganga suður yfir hálendi Íslands og lagt af stað fyrr um daginn. Þegar þeir komu að Urðarvötnum á Nýjabæjararfétti var veður orðið það slæmt að þeir urðu að tjalda og halda kyrru fyrir.

Laust fyrir klukkan tvö óskuðu þeir hjálpar og fóru þá björgunarsveitarmenn úr Dalbjörgu og frá Súlum af stað til leitar. Fundust mennirnir kaldir í tjöldum sínum við GPS-punkt sem þeir höfðu gefið upp og voru þeir komnir til byggða um klukkan fimm sama dag.

- ovf

Downs-heilkenni útrýmt:

Aðeins tveimur fósturum hlíft

HEILBRIGÐISMÁL Aðeins tveimur fósturum af 27 sem greindust með Downs-heilkenni frá 2002-2006 var ekki eytt. Í helgarblaði DV kemur fram að afar fá börn séu eftir á Íslandi með heilkennið síðan fósturskimun hófst hér á landi árið 1999.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Félags áhugafólks um Downs, segir í viðtali við blaðið að ýmislegt megi bæta þegar komi að upplýsingagjöf til verðandi foreldra.

- sfs

Beðið eftir útspili ríkisstjórnarinnar

Óvissa ríkir um aðkomu ríkisins að kjarasamningum. Forystumenn segja ríkisstjórnina ekki hafa unnið heimavinnuna. Vonast er eftir undirritun um helgina en ekki verður skrifað undir fyrr en aðkoma ríkisstjórnarinnar liggur fyrir.

KJARAMÁL Engin svör fengust um aðkomu ríkisstjórnarinnar að samningum á almennum vinnumarkaði á fundi forystumanna Alþýðusambands Íslands, ASÍ, og Samtaka atvinnulífins, SA, með ríkisstjórninni í gær. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði að sérfræðingar myndu setjast yfir kröfurnar og svo yrði fundað með forystumönnum á vinnumarkaði.

„Við sjáum hverju fram vindur,“ sagði hann. „Við munum fara yfir hugmyndir sem tengjast skattamálum, húsnæðismálum, starfsmenntunarmálum.“ Ótímabært væri að ræða kostnað af aðgerðum ríkisins. „Við þurfum að átta okkur á því hvað við erum að tala um langt tímabil. Við viljum helst tímasetja aðkomuna út allt kjörtímabilið að því gefnu að kjarasamningar haldi megnið af því tímabili. Þetta er eitt af því sem við eigum eftir að vinna í.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði að greinilega væri „unnið út frá þeirri grundvallarhugmynd að auka hér jöfnuð og tryggja jafnvægi. Þetta tvennt verður að fara saman og ríkisstjórnin hlýtur að vinna út frá því líka,“ og taldi ólíklegt að svar bærst í dag. „Ég held að þetta taki lengri tíma.“

ASÍ lagði fram endurnýjaða kröfugerð frá því í desember. SA lagði fram kröfur um að launapróun opinberra starfsmanna yrði í takt við það sem gerðist á almennum vinnumarkaði, breytingar á peningastefnu Seðlabankans og lækkan á tekjuskatti fyrirtækja. Enn fremur er farið fram á lægri flutningskostnað, aðgerðir í atvinnumálum, endurhæfingarsjóð, starfsmenntunarsjóð og afnám þungaskatts.

Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir að ekkert hafi komið út úr fundinum í gær annað en að „þau upplýstu okkur um að þau hefðu ekki unnið heimavinnuna sína. Þau settu málið í nefnd þannig að það er einhver skriður. Nú viljum við sjá þeirra útfærslu og tillögur,“ segir hann.

„Við reiknum ekki með að fá svör við einstökum atriðum,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA. „Við reiknum með að ráðherrarnir vinni sína heimavinnu og niðurstaðan liggir fyrir tiltölulega fljótt.“



ÚT ALLT KJÖRTÍMABILID „Við þurfum að átta okkur á því hvað við erum að tala um langt tímabil. Við viljum helst tímasetja aðkomuna út allt kjörtímabilið,“ sagði Geir H. Haarde. Farið yrði yfir hugmyndir sem tengdust skattamálum, húsnæðismálum og starfsmenntunarmálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, sagði að ekki yrði skrifað undir fyrr en aðkoma ríkisins væri ljós. „Það einfaldar málið að við lögðum fram okkar kröfur í byrjun desember. Ríkisstjórnin hefur haft góðan tíma til að hugsa málið.“

ghs@frettabladid.is



MOSTAFA CHENDID Einn helsti leiðtogi múslima í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogi danskra múslima:

Biður fólk að hætta óeirðum

DANMÖRK, AP „Gerði það, hættið þessu nú,“ sagði Mostafa Chendid, einn helsti leiðtogi múslima í Danmörku, í föstudagspredikun sinni í mosku í Kaupmannahöfn í gær.

Hann beindi máli sínu til ungmenna sem efnt hafa til óeirða í Kaupmannahöfn og víðar í landinu á hverju kvöldi nú í vikunni. Margir telja að ofbeldið hafi aukist eftir að helstu dagblöð Danmerkur endurbirtu á miðvikudaginn umdeilda skopteikningu af Múhamed spámanni.

„Spámaðurinn kenndi okkur ekki að brenna skóla, bifreiðar eða samgöngutæki. Múhamed kenndi okkur siðmenningu,“ sagði Chendid.

- gb

PAKISTAN

Fimmti morðinginn fundinn

Fimmti maðurinn hefur verið handtekinn í tengslum við morðið á Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistan. Maðurinn, Abdul Raheed, er sagður lykilmáður í hópnun sem stóð fyrir árásinni hinn 27. desember, þar sem tuttugu aðrir létust.

Spennandi helgarsteik



2.698 kr.

Þú sparar 900 kr.

Lambafille
Country style

NÓATÚN

www.noatun.is
LETTIR PÉR LÍFIÐ

Nýr stjórnarformaður fyrirtækisins verður valinn innan skamms:

REI stjórnlaust enn um sinn

ORKA Stjórn Orkuveitunnar tók ekki ákvörðun um hver yrði næsti stjórnarformaður REI á fundi sínum í gær, en líklega verður fjallað um það á auka-stjórnarfundum í næstu viku.

Fyrirtækið, sem meta má á sex milljarða hið minnsta, hefur því verið án stjórnarformanns síðan upp úr áramótum, er Bjarni Ármannsson fór frá störfum.

„Það liggur á því að starfhæf stjórn sé skipuð, því núverandi stjórn REI er umboðslaus og ákvarðanafryst stjórn, sem er skipuð nokkrum starfsmönnum Orkuveitunnar,“ segir Sigrún Elsa Smáradóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Spurður hvort ekki væri bagalegt að hafa engan stjórnarformann, gat Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar, ekki neitað því: „Þetta er mjög bagalegt allt saman,“ sagði hann.

Alls er óvíst hver tekur við starfi stjórnarformanns en ýmsir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks þykja koma til greina, ásamt fulltrúa F-lista, Ástu Þorleifsdóttur.

Kjartan Magnússon, stjórnarformaður Orkuveitunnar, vill ekkert láta uppi um þetta. Mestu skipti að



NÚVERANDI STJÓRN ORKUVEITUNNAR Hefur ekki tekið ákvörðun um það hver verði stjórnarformaður REI, en hann hefur vantað frá því upp úr áramótum. MYND/ORKUVEITAN

nýr meirihluti hafi tekið málefni REI föstum tókum. „Nú getum við látið fyrirtækið fara að fúnkera almennilega,“ segir hann. Stór skref hafi verið stigin í þá átt í gær.

- kþ



Vinnuhanskar
Pingo, m/leðurgrípi,
3 stærðir
5866046-8

549
~~679~~

Vinnubolur
Mascot
5862646-55

1.999
~~2.799~~

999
~~1.049~~

Sporjárnasett
Cosmos, 4 stk
5007981



5 m² á 12 mín

9.949

Málningarsprautuset, Wagner

Rafmagns, 280W, 3 stútar, langur fyrir ofna og bar sem þrengsli eru, 2 könnur, 5 sek að skipta um lit, fyrir flestar málningartegundir - vatns og olíu
5158306



999
~~1.699~~

Bitasett

Cosmos, 100 stk
5010807



3.499
~~5.099~~

Hleðsluborvél

Verto, 14,4V, 2 rafhlöður,
5245006

VERKFAERA DAGAR

**VERÐHRUN
Á VERKFAERUM**



Verkfæraborð
737x383x663 mm
5024478

6.299
~~9.999~~



Smáhlutabox
Keter,
380x315x60 mm
5024633

599
~~999~~



Verkfærataska
m/verkfærum
46 stk
5000458

5.499
~~8.499~~

Gildir til 26. febrúar 2008



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	66,58	66,90
Sterlingspund	130,61	131,25
Evra	97,71	98,25
Dönsk króna	13,107	13,183
Norsk króna	12,330	12,402
Sænsk króna	10,479	10,541
Japanskt jen	0,6164	0,6200

SDR 105,24 105,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

128,9687

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Blaðamannafélag Íslands: Ósátt við meðferð í Valhöll

FJÖLMÍÐLAR Blaðamannafélag Íslands harmar framgöngu starfsmanna Sjálfstæðisflokksins vegna blaðamannafundar í Valhöll síðastliðinn mánudag. Blaðamönnum var meinaður aðgangur að fundinum, þar sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi sat fyrir svörum.

Arna Schram, formaður félagsins, sendi Andra Óttarssyni, framkvæmdastjóra flokksins, bréf á fimmtudaginn þar sem farið er fram á að vinnubrögð sem þessi endurtaki sig ekki.

Andri neitaði að svara spurningum blaðamanns í síma, en sendi þess í stað yfirlýsingu í tölvupósti. Í henni segir að óánægja blaðamanna sé skiljanleg, en þar spili vafalítið inn í að væntingar þeirra hafi verið töluvert meiri en efni stóðu til. Allir sem óskuðu eftir hafi fengið að taka viðtal við Vilhjálm. - sjs/elj

Dayton-samkomulagið:

Frumrit friðarsamnings týnt

BOSNÍA, AP Frumrit friðarsamkomulagsins, sem batt enda á Bosníustríðið, er týnt. Þetta staðfestir Zeljko Komsic, formaður forsætisembættisins, að loknum fundi leiðtoganna þriggja sem deila með sér embættinu.

Bosníustríðinu, sem stóð árin 1992-95, lauk með gerð friðarsamkomulags í Dayton í Bandaríkjunum milli Króata, Serba og múslima. Það var undirritað í París. „Þetta væri fyndið, ef það væri ekki svona sorglegt,“ sagði Miroslav Lajcak, sem hefur fyrir hönd alþjóðasamfélagsins umsjón með framkvæmd samkomulagsins. Hann segir íbúa Bosníu þó ekki þurfa að órvænta því afrit samkomulagsins er vandlega geymt í París. - gb

Útgerðarmenn hafa ákveðið að draga verulega úr loðnuveiðum:

Eyjamenn gætu orðið af 3 milljörðum

SJÁVARÚTVEGUR Útgerðarmenn tóku þá ákvörðun á fundi sem þeir héldu í gær að veiða einungis 3.000 tonn af loðnu á sólarhring þar til ítarlegar rannsóknir á stofninum eru afstaðnar að sögn Friðriks Arngrímssonar, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna.

„Þetta er náttúrulega gífurlegt áfall,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. „Fyrstu þrjú mánuði ársins í fyrra var veltan hjá Vinnslustöðinni rúmur milljarður en í ár var fyrsta milljónin að koma í hús í gær. Það má gera ráð fyrir því að þessi velta hafi verið rúmír

þrír milljarðar í Vestmannaeyjum í fyrra svo auðvitað er þetta mikið áfall, sérstaklega í ljósi þessa mikla niðurskurðar í þorski.“

Hann segir að ástandið hafi mikil áhrif á starfsfólkið. „Það veit eins og er að þetta er ekki gott fyrir fyrirtækið og þar af leiðandi ekki gott fyrir starfsfólkið sjálf sem síðan kemur niður á samfélaginu.“

Einar K. Guðfinnsson gaf nýlega norskum loðnuveiðiskipum heimild til að vera við veiðar einum sólarhring lengur en um hafði verið samið og rýmkaði heimild um fjölda norskra skipa sem mættu vera að veiðum á sama tíma, úr 25 í 40. Spurður hvort það hafi ekki verið

óheppileg ákvörðun í ljósi þessara þrenginga segir hann ekki svo vera. „Það var í raun ekki svo mikil breyting því í raun var flotinn ekki það mikill að þeir gætu nýtt sér þetta. Svo held ég að það sjái það allir að einn sólarhringur hefur ekki svo mikið að segja.“

Hann segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um það hvort komið verði sérstaklega til móts við þá sem hafa orðið illa úti vegna loðnu-skorts.

- jse

VINNSLA Í VESTMANNAEYJUM Það var ekki jafn fjórugt í Eyjum og oft er þegar loðnan berst í hús enda er óvissan mikil.



Hringdi af stöðinni og seig niður í reipi

Annþór Karlsson fékk að nota síma á lögreglustöðinni við Hverfisgötu daginn áður en hann strauk. Annþór var handtekinn undir kvöld í gær þar sem hann faldi sig í skáp í húsi í Mosfellsbæ. Hann var síðar úrskurðaður í gæsluvarðhald.

LÖGREGLUMÁL Annþór Kristján Karlsson fékk að hringja á lögreglustöðinni við Hverfisgötu daginn áður en hann strauk, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Ekki liggur ljóst fyrir hversu oft hann fékk að nota símann, en hann kvaðst vera að ráðfæra sig við lögmann sinn. Þetta er eitt fjölmargra atriða sem farið verður yfir í rannsókn á tildrögum stroksins. Annþór strauk snemma í gærmorgun.

Lögregla gerði mikla leit að Annþóri, sem stóð fram undir kvöld. Þá fannst hann í íbúðarhúsnæði í Mosfellsbæ, þar sem hann hafði falið sig inni í skáp.

Að sögn Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns var Annþór í svokallaðri opinni gæslu í lögreglustöðinni. Í gærðag rann gæsluvarðhald hans út og átti hann þá að mæta fyrir héraðsdóm að nýju. Hann dvaldi í álmu sem ætluð er öðrum en þeim sem stungið er inn til að sofa úr sér. Í álmunni eru fimm klefar, gangur og lítill setustofa. Annþór var eini fanginn í álmunni.

Geir Jón segir að af einhverjum ástæðum sem ekki voru ljósar í gær hafi klefi Annþórs ekki verið læstur yfir nóttina. Annþór hafi verið á sínum stað við athugun um fimmleytið í fyrrinótt. Um sjöleytið hefði hins vegar uppgötvað að hann hefði strokið. Hann hefði brotið rúðu úr öryggisplexigleri á ganginum og látið sig síga niður í kaðli. Spurður hvar hann hefði fengið kaðalinn sagði Geir Jón að hann hefði komist inn í geymslu í álmunni.

„Þar fann hann smá kaðalspotta sem hann hefur náð að láta sig síga niður í,“ segir Geir Jón og bætir við að ekki sé vitað hvernig Annþór komst inn í geymsluna.

Tveir menn voru í gær handteknir á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við rannsókn lögreglunnar á flótta Annþórs. Þeir eru grunaðir um að hafa aðstoðað hann. Lögregla gerði húsleit á fjölmörgum stöðum í leit sinni að Annþóri áður en hann fannst. Það voru lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, svo og tollverðir og sérsveit Ríkislögreglustjóra sem stóðu að aðgerðunum til að finna og handtaka Annþór í gær.



LÖGREGLUSTÖÐIN Annþór braut sér leið út um glugga á annarri hæð, lét sig síðan síga niður og notaði til þess kaðal sem hann mun hafa fundið á lögreglustöðinni. Til hliðar sjást glerbrotin sem féllu við flóttann.

LÖGREGLA SKOÐAR HVÆÐ FÓR ÚRSKEIÐIS

Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu, Stefán Eiríksson, segir að lögreglan fari nú yfir flóttann og orsakir þess að fanginn slapp.

Hann vill ekki svara því hvort einhver verði látinn sæta ábyrgð á mistökunum.

„Það eina sem ég get sagt um þetta núna er að við erum að fara yfir hvað fór úrskeiðis, það fer ekkert á milli mála að eitthvað fór úrskeiðis,“ segir hann.

Engar eftirlitsmyndavélar voru á ganginum og ekki er vitað hversu mikinn tíma fanginn hafði til umræða né hvers vegna klefi hans var ólæstur. Ekki er heldur vitað hvort fanganum var hjálpað við flóttann eða ekki. - kóþ



STEFÁN EIRÍKSSON

TÓLF TÍMA FRELSI

■ Annþór er fluttur af Litla-Hrauni í fangaklefa í Lögreglustöðinni við Hverfisgötu á fimmtudagskvöld.

■ Annþór var í klefa sínum klukkan 5 að morgni föstudagsins. Um sjöleytið er hins vegar ljóst að hann er flúinn.

Lögreglan lýsir eftir Annþóri um tíuleytið.

■ Lögregla hefur mikinn viðbúnað vegna flóttans, gerðar voru húsleitir víða og tveir handteknir vegna málsins.

■ Annþór naut frelsisins um daginn. Gaf sér tíma til að bjóða vinum til veislu á netinu og leita að íbúð.

■ Annþór var handtekinn skömmu fyrir kvöldmat í íbúðarhúsi í Mosfellsbæ. Hann faldi sig inni í skáp þegar lögreglumenn bar að garði.



DAGUR MENNTUNAR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Ráðstefna á Grand Hótelu um mikilvægi fræðslu og símenntunar starfsfólks í ferðaþjónustu 19. febrúar kl.14:00-17:00.

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á

WWW.SAF.IS

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	XX°
Billund	XX°
Ósló	XX°
Stokkhólmur	XX°
Gautaborg	XX°
London	XX°
París	XX°
Frankfurt	XX°
Friedrichshafen	XX°
Berlín	XX°
Alicante	XX°
Mallorca	XX°
Bassel	XX°
Eindhoven	XX°
Las Palmas	XX°
New York	XX°
Orlando	XX°
San Francisco	XX°

Vindhraði er í m/s.
Hitastigi eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

40% afsláttur af leikföngum



Gildir til 29. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Vilt þú að Vilhjálmur P. Vilhjálmsson verði borgarstjóri?

Já	54,8%
Nei	45,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Líst þér vel á vinningstillögunu um byggð í Vatnsmýrinni?

Segðu þína skoðun á visir.is



Kofi Annan reynir ákaft að miðla málum í Kenía:

Atkvæðin verða endurtalin

KENÍA, AP Andstæðar fylkingar stjórnar og stjórnarandstöðu í Kenía hafa náð samkomulagi um að atkvæði úr kosningunum 27. desember síðastliðinn verði endurtalin.

Enn hefur þó ekki tekist samkomulag um að fylkingarnar taki höndum saman og myndi þjóðstjórn, þótt Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hafi lagt hart að þeim að deila með sér völdum.

„Leyfið mér að fullvissa ykkur um það, að nú er virkilega hreyfing á málunum,“ sagði Annan, sem síðustu vikurnar hefur reynt sitt besta til að miðla málum milli

Mwai Kibaki forseta og Raila Odinga, eins helsta leiðtoga stjórnarandstöðunnar.

Odinga sakar Kibaki um fölsun kosningaúrslita. Deilur þeirra um kosningaúrslitin hafa leyst úr læðingi hörð átök víða um landið, sem kostað hafa meira en 800 manns lífið og hrakið hálfa milljón manns á flóttu.

Samkvæmt samkomulaginu, sem kynnt var í gær, á nefnd, skipuð bæði innlendum og erlendum sérfræðingum, að fara yfir allt sem tengist kosningunum, skila skýrslu innan þriggja til sex mánaða, og verður sú skýrsla birt hálfum mánuði síðar.



KOFI ANNAN Á BLAÐAMANNAFUNDI Fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna segist sannfærður um að samkomulag muni takast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ætlaði að ná í skó en datt: Fjöldaárekstur á skólaganginum

SKOTLAND Tuttugu og fimm nemendur slösuðust í fjöldaárekstri á gangi Denny-framhaldsskólans í Skotlandi á þriðjudag.

Slysið varð þegar einn nemandanna stöðvaði til að ná í skóna sína en hrasaði. Þeir sem fyrir aftan voru hrösuðu síðan um hann, og svo koll af kolli þar börnin höfðu hrannast upp á ganginum.

Samkvæmt vef dagblaðsins The Scotsman voru sjö börn flutt á sjúkrahús eftir fjöldaáreksturinn en ekkert þeirra slasaðast alvarlega. Málið er í rannsókn hjá skólayfirvöldum.

Halldór nýr formaður ÖBÍ: Skynjar mikla samstöðu

FÉLAGSMÁL Halldór Sævar Guðbergsson var kjörinn formaður Öryrkjabandalags Íslands á aukafundi milli aðalfunda á fimmtudag en hann var einn í framboði. Tekur Halldór við af Sigursteini Mássyni sem sagði af sér.

„Mín helstu baráttumál eru að efla starfsendurhæfingu fatlaðra og menntunarmöguleika. Ég tel einnig mikilvægt að hlúa að innra starfi Öryrkjabandalagsins þannig að við getum komið sterk út í samfélagið,“ segir Halldór og tekur fram að hann skynji mikla samstöðu og hafi fulla trú á því að nýrri stjórn takist að vinna að málefnum öryrkja af heilum hug.

Halldór er sjónskertur með tíu prósent sjón og hefur verið formaður Blindrafélagsins síðan 2005.

DÓMSTÓLAR

Rúmt ár fyrir kókaínsmygl

Hollenskur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í fjórtán mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir eiturfyljasmygl. Maðurinn var handtekinn við í Leifsstöð um miðjan síðasta mánuð. Kom í ljós að maðurinn var með tæp 400 grömm af kókaíni innvortis.

PALESTÍNA

Sex láttnir í sprengjuárás

Sex létust og um fjórðutu særðust í sprengjuárás á heimili eins leiðtoga íslömsku Jihad-samtakanna á Gazasvæðinu í Palestínu í gær. Leiðtoginn, Ayman Atallah Fayed, var meðal hinna látna. Samtökin segja ísraelskar herflugvélar hafa varpað sprengjum á húsið og heita hefndum.

Samtals 32 ára fangelsi í Pólstjörnumáli

Sex menn voru í gær dæmdir í samtals 32 ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í einu umfangsmesta fíkniefnasmygli sem upp hefur komið hér á landi. Sá sem þyngsta dóminn hlaut, Einar Jökull Einarsson, fékk níu og hálf ár.

DÓMSMÁL Sex karlmenn voru í gær dæmdir í svokölluðu Pólstjörnumáli. Um er að ræða eitt umfangsmesta smyglmál á fíkniefnum hér á landi þegar hinir dæmdu reyndu að smygla til landsins 23 kílóum og 562,73 grömmum af amfetamíni, 13 kílóum og 947,45 grömmum af e-töfludufti og 1.746 e-töflum til landsins. Fíkniefnin fluttu þeir hingað með skútu er lagði að bryggju í Fáskrúðsfjarðarhöfn að morgni fimmtudagsins 20. september. Lögregla lagði hald á fíkniefnin sem fundust við leit í skútunni.

Sá sem þyngstan dóm hlaut var Einar Jökull Einarsson. Hann var dæmdur í níu og hálf árs fangelsi. Alvar Óskarsson, var dæmdur í sjö ára fangelsi. Guðbjarni Traustason var dæmdur í sjö ára og fimm mánaða fangelsi, Marinó Einar Árnason í fimm og hálf árs fangelsi og Bjarni Hrafnkelsson, í átján mánaða fangelsi. Sá sjötti sem var ákærður í málinu var dæmdur í eins árs skilorðsbundið fangelsi. Samtals voru mennirnir því dæmdir í ríflega 32 ára fangelsi.

Samkvæmt niðurstöðu héraðsdóms þótti sannað með játningu Alvars, Einars Jökuls, Guðbjarna og Marinós Einars að þeir stöðu saman að fíkniefnainnflutningnum. Þáttur hvers hinna dæmdu í skipulagningu og framkvæmd sameiginlegs brots er mjög misjafn. Einar Jökull játaði að hafa skipulagt innflutninginn. Guðbjarni og Alvar fluttu efnin yfir hafið á skútunni. Marinó Einar átti að taka á móti fíkniefnunum í Fáskrúðsfjarðarhöfn og Bjarni bjó um fíkniefnin í Kaupmannahöfn. Sá sjötti sem hafði tekið að sér að fela efnin á sumarþústaðalandi í



Í HÉRAÐSDÓMI Sex menn hlutu dóm í Pólstjörnumálinu. Einar Jökull Einarsson hlaut þyngstan dóm, níu og hálf ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Dómurinn er eins og við mátti búast miðað við dómaframkvæmd undanfarið en mér finnst þessir fíkniefnadómar alltaf vera of þungir,“ segir Brynjar Nielsson, lögmaður Guðbjarna Traustasonar, sem fékk fangelsisdóm upp á sjö ár og fimm mánuði. Þar af eru fimm mánuðir vegna skilorðs frá eldri dómi. Brynjar segir ekki víst að dómunum í þessu máli verði almennt áfrýjað. „Þetta er náttúrulega þungur dómur en er eins og við mátti búast,“ segir Guðmundur Óli Björg-

vinsson lögmaður. „Ég reikna ekki með því að dómnum verði áfrýjað en við munum skoða það og tökum þess vegna frest til þess.“

„Niðurstaðan hjá Bjarna er eins og við væntum. Við höfðum spáð einu til tveimur árum. Hann fékk átján mánuði og unír þeim dómi,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Bjarna.

Frammi á gangi sagði einn hettuklæddur: „Ég fékk fimm. Ég er bara ánægður.“ Það hefur væntanlega verið Marinó Einar Árnason sem var dæmdur í fimm og hálf árs fangelsi.

Rangárvallasýslu var dæmdur á skilorði, en efnin komust aldrei í hendur hans.

Auk ofangreindra refsinga var mönnum sex gert að greiða á niundu milljón króna í málsvarnarlau og sakarkostnað.

Allir eiga hinir dæmdu brotaferil

aða baki. Má þar nefna dóma fyrir fíkniefnabrot, líkamsárásir, þjófnaði og eignaspjöll.

Hinir dæmdu hafa nú til skoðunar hvort þeir muni áfrýja dómum sínum til Hæstaréttar. Til þess hafa þeir fjórar vikur.

jss@frettabladid.is

Húvetningafélagið í Reykjavík 70 ára

Afmælisfagnaður verður í Húnaþúð, Skeifunni 11 sunnudaginn 17.2.2008

Húsið opnað kl. 14:00

Boðið verður upp á skemmtiatriði og afmæliscaffi.

Við hvetjum alla Húvetninga nær og fjær að fjölmenna í afmælisfagnaðinn, sýna sig og sjá aðra.

Stjórnin.

Stór máltíð, lágt verð



640,-

Kjúklingalæri með kúskús, grilluðu grænmeti og BBQ jógurtsósu

© Inter IKEA Systems B.V.

Opíð 10-20 virka daga Laugard. 10-18 Sunnud. 12-18

IKEA FOOD

Samtökin Sól á Suðurlandi eru mætt með boðskapinn í bæinn:

Þjórásar beðið griða í Fríkirkjunni

UMHVERFISMÁL „Við horfum upp á það að gröfur Landsvirkjunar vinna daglega að þessum virkjunum. Svo hittir maður fólk úr Reykjavík, sem heldur að Þjórásá hafi verið bjargað fyrir löngu síðan,“ segir Atie Bakker bóndi.

Atie skýrir þannig samkomu sem verður í Fríkirkjunni við Reykjavíkurtjörn á morgun, sunnudag. Samtökin Sól á Suðurlandi efna þar til fundar klukkan 16 og skal þá Þjórásar beðið griða.

Fyrir réttu ári síðan funduðu um 400 manns í Árnesi og mótmæltu áformum Landsvirkjunar um að þrí-

virjka Þjórásá í byggð, eins og segir í tilkynningu.

Síðan hafi komið í ljós að afsal á vatnsréttindum, sem fyrirtækið studdist við í samningum við bændur og landeigendur, hafi verið marklaust og gert tveimur dögum fyrir kosningar.

Landsvirkjun hafi ollið jarðraski vegna rannsókna og fari enn sínu fram, ári eftir Árnesfundinn.

„Íslendingar sem vilja vernda Þjórásá og er annt um lýðræðið eru hvattir til að sýna samstöðu með Þjórásá og sunnlenskri náttúru og koma í Fríkirkjuna.“

Atie segist ekki telja að sjálf Fríkirkjan taki sérstaka afstöðu með þessu. Kirkjan hafi einfaldlega verið laus og til láns.



FRÍKIRKJAN VIÐ TJÖRNINA Eftir verður til fundar í kirkjunni á morgun. MYND/ÚR SAFNI

Opið hús í Háskólatorgi

Háskóla Íslands laugardaginn 16. febrúar kl. 11 - 16.

Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands kynna hundruð námsleiða í grunnnámi og framhaldsnámi sem í boði verða næsta skólaár.

Með sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands þann 1. júlí verður til öflugasta háskólasamfélag landsins. Enginn íslenskur háskóli býður meiri fjölbreytni og framtíðarmöguleika.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is



YFIR 500
NÁMSLEIÐIR
Í BOÐI!

HÁSKÓLADAGURINN
16. FEBRÚAR 2008 KL. 11:00 - 16:00

Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst,
Háskólinn á Hólum, Háskólinn
í Reykjavík, Landbúnaðarháskóli Íslands
og Listaháskóli Íslands kynna
námsframboð sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Framhaldsnám í Danmörku verður
kynnt í Norræna húsinu.



1 Hvers lenskir eru hönnuðir vinningstillögu um nýtt skipulag í Vatnsmýrinni?

2 Hversu gömul er ísraelska konan Mariam Amash?

3 Hvaða leikmaður AC Milan sleit liðband í vinstra hné þremur mínútum eftir að hann kom inn á völinn?

SVÖRI Á SÍÐU 58

Fyrirverandi fyrirmyndarnemi réðst inn í kennslustund og hóf að skjóta:

Hafði hætt að taka lyfin sín

BANDARÍKIN, AP Fimm manns eru látnir, auk byssumannsins, og sextán særðir, þar af einn lífshættulega, eftir skotárás í Northern Illinois háskólanum á fimmtudag.

Klukkan var þrjú síðdegis á Valentínusardegi þegar Steve Karzmiereczak, fyrirverandi nemi við háskólann, ruddist skyndilega inn á svið fyrirlestrasals í háskólanum, klæddur svörtum klæðnaði og vopnaður fimm byssum. Hann tók þegar að skjóta af handahófi út í salinn.

Karzmiereczak var 27 ára gamall, hafði stundað nám í félagsfræði við skólann og þótti til



HINNA LÁTNU MINNST Meira en hundrad manns komu saman í gærmorgun á skólalóð háskólans til að minnst hinna látnu.

NORDICPHOTOS/AFP

fyrirmyndar í náminu.

„Hann hafði hætt að taka lyfin sín og var orðinn hálf óútreiknan-

legur síðustu vikurnar,“ sagði Donald Grady, yfirmaður lögreglunnar á háskólasvæðinu.

Um 140 manns voru í salnum að hlýða á kennara í haffræði þegar ósköpin hófust. Sá fyrsti sem varð fyrir skoti var kennarinn, en hann særðist á handlegg.

„Í alvöru héldu allir fyrst að þetta væri grín,“ sagði Allyse Jerome, nemandi við skólann. Þegar fólk áttaði sig á alvöru málsins köstuðu allir sér í gólfíð.

Bandaríska dagblaðið Los Angeles Times skýrir frá því að þetta hafi verið fimmta skotárásin í bandarískum skóla nú í vikunni.

-gb

Dómsmál í Sádi-Arabíu:

Dauðadómur fyrir galdra

SÁDI-ARABÍA, AP Mannréttindasamtökin Human Rights Watch sendu á fimmtudag ákall til Abdullah konungs Sádi-Arabíu um að koma í veg fyrir aftöku konu sem sökuð er um að vera norn.

Fawza Falih var dæmd til dauða fyrir galdra í apríl árið 2006. Við dómsúrskurð studdust tómararnir við játningu Fawza Falih og framburð vitna sem sögðu hana hafa beitt sig göldr-um. Galdrar eru álitnir brot gegn íslam í Sádi-Arabíu. Falih dró játningu sína til baka síðar. Sagðist hún hafa verið þvinguð til að skrifa undir og sem ólæs kona hefði hún ekki skilið plaggíð. -sdg

Félagstengsl og kynímyndir:

Þroskahamlaðir í meiri hættu á misnotkun

FÉLAGSMÁL Þekkingarsetur um félagstengsl og kynímynd fyrir fólk með þroskahömlur var opnað í gær, föstudag.

Í tilkynningu frá Styrktarfélagi vangefinna, sem er rekstraraðili setursins, segir að því miður sé tilhneiging til að líta á fólk með þroskahömlun sem eilíf börn. Lífshrynjandi þeirra sé hins vegar sá sami og allra annarra. Þá sé fólk með þroskahömlun í fjórum sinnum meiri hættu en aðrir á að verða fyrir misnotkun auk þess sem það hefur ekki fengið hjálfun eða fræðslu til að læra að greina hvenær um misnotkun er að ræða eða hvernig megi varast hana. Er setrinu meðal annars ætlað að veita eintaklingum, aðstandendum og fagfólki ráðgjöf. -ovd

Norski ráðherra barna- og jafnréttismála neyddist til að segja af sér sem ráðherra eftir fjóra mánuði í starfi:

Upplýsti forsætisráðherra ekki um vinskap

NOREGUR Manuela Ramin-Osmundsen, ráðherra barna- og jafnréttismála í Noregi, sagði af sér á fimmtudag, aðeins fjórum mánuðum eftir að hún tók við embættinu. Hún hafði gert þau mistök að skipa vinkonu sína, Idu Hjort Kraby, í embætti umboðsmanns barna. Engu breytti þótt Kraby hafi að flestra mati tvímælalaust verið hæfust allra umsækjenda í embættið.

Það sem úrslitum réði var að Ramin-Osmundsen hafði ekki skýrt frá fyrri kynnum þeirra opinberlega. Hún hafði heldur ekki upplýst Jens Stoltenberg forsætisráðherra um vinskap þeirra, sem staðið hefur í sextán ár.

Í gærmorgun, daginn eftir að ráðherrann sagði af sér, sendi Kraby síðan frá sér yfirlýsingu um að hún hefði sagt af sér sem umboðsmaður barna, aðeins viku eftir að hún var skipuð í embættið. Í yfirlýsingunni segist hún líta svo á að embætti umboðsmanns barna verði að geta „þolað deilur og átök á opinberum og pólitískum vettvangi, þegar barist er fyrir hagsmunum barna“. Embættinu sé best



MANUELA RAMIN-OSMUNDSEN Sagði af sér í vikunni, aðeins fjórum mánuðum eftir að hún varð ráðherra í ríkisstjórn vinstriflokkanna.

NORDICPHOTOS/AFP

þjónað með því að ekki verði með nokkru móti hægt að „draga í efa lögmæti þess og sjálfstæði“.

Kraby hafði reyndar skömmu fyrir júl dregið til baka umsókn sína um embætti umboðsmanns barna. Þann 3. janúar hittust þær Kraby og Ramin-Osmundsen hins vegar yfir hádegisverði ásamt fleiri kvenkyns lögfræðingum. Við það tækifæri átti ráðherr-

ann samtalið við sameiginlega vinkonu þeirra beggja, sagðist hafa frétt að Kraby hafi dregið umsókn sína til baka og sagði það synd því hún væri sterkur umsækjandi. Daginn eftir hringdi Kraby í ráðuneytið og bað um að umsókn sín yrði tekin með við afgreiðslu málsins.

Þessa atburðarás vissi Stoltenberg forsætisráðherra ekkert um fyrr en að morgni fimmtudagsins nú í vikunni, sama dag og Ramin-Osmundsen sagði af sér.

Ramin-Osmundsen er frá eyjunni Martinique í Karíbahafinu, þar sem Frakkar ráða ríkjum, og var því franskur ríkisborgari þegar hún giftist Norðmanninum Terje Osmundsen árið 1987. Sama ár lauk hún lögfræðinámi í París. Þau fluttu til Noregs árið 1991 og hún hlaut norskan ríkisborgararétt í október árið 2007, rétt áður en hún varð ráðherra barna- og jafnréttismála í ríkisstjórn Jens Stoltenbergs. Hún varð þar með fyrsti innflytjandinn í Noregi sem settist á ráðherra-stól. -gb

KLÁRLEGA BETRI KAUP
L200 - 163 HESTHÖFL OG 2.700 KG DRÁTTARGETA

220.000 KR. AUKAHLUTA-PAKKI FYLGIR
HEITKLÆBNING Á PALLI
32 TOMMU DEKK
DRÁTTARBEISLI

Verð frá
3.150.000 kr.

BEINSKIPTUR

STÖÐUGLEIKASTÝRING - SPÓLVÖRN - SUPER SELECT® 4X4 DRIFBÚNAÐUR
LOFTKÆLING - HITI Í SÆTUM - FULLKOMIN AKTURSTÖLVA

Hinn frábæri og kraftmikli pallbíll L200 skilar þér 163 hestöflum og frábærum aksturseginnleikum. Þessi vel búni bíll heldur því áfram að setja ný viðmið í þessum flokki bíla. Hann fékk til dæmis hæstu einkunn í flokki pallbíla í nýlegu elgsprófi í Svíþjóð. Komdu og prófaðu kraftmeiri L200.





Barna & fjölskylda
LJÓSMYNDIR
www.ljosmyndir.is

Zink

ISIS
FARMACIUM
BYGGIAR

VEISLAN
VEITINGAELDING

hrund
SANTUSILIA

LAVAZZA

HIMMEL
MOLLUSTA

FERMINGARAVEISLUSÝNING

TÍSKUSÝNING OG VEISLUKYNNINGAR UM HELGINA

- Fermingarfatatískusýning kl 14.00 og 16.00 laugardag og sunnudag
- Kynningar á veisluföngum
- Lærið að gera einfaldar merkingar á fermingarkertin
- Fáíð hugmyndir að boðskortum
- Skoðið skreytt fermingarveisluborð
- Öðruvísi og hefðbundnar ljósmyndir
- Ráðgjöf og létt förðun fyrir ferminguna

MUNIÐ

FERMINGARKORTIN
ÞAU VEITA 20% AFSLÁTT
AF FERMINGARVÖRUM



heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Nýtt

VISA

MasterCard

**korta-
tímabil**

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
5.116 +1,26%Fjöldi viðskipta: 529
Velta: 8.190 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ 365
ATLANTIC PET.
KAUPPING +6,08%
+3,01%
+2,60%

MESTA LÆKKUN

↓ ICELANDIC GROUP -2,74%
ATLANTIC AIR -1,05%
ICELANDAIR -0,95%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,88 +0,38% ... Bakkavör 45,60 +0,77% ... Eimskipafélagið 30,15 -0,82% ... Exista 12,26 +1,32% ... FL Group 9,92 +1,02% ... Glitnir 18,05 +0,84% ... Icelandair 26,10 -0,95% ... Kaupþing 750,00 +2,60% ... Landsbankinn 28,75 +0,35% ... Marel 95,80 +1,38% ... SPRON 5,78 +0,52% ... Straumur-Burðarás 12,38 -0,08% ... Teymi 5,24 +0,96% ... Össur 91,40 +1,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Lítillega dró úr hagnaði Milestone

Hagnaður Milestone nam 21,3 milljörðum króna á síðasta ári, 122 milljónum minna en í hittifyrri. Tap á fjórða ársfjórðungi nam 5,8 milljörðum króna.



KARL WERNERSSON

Allar skráðar eignir Milestone eru færðar á markaðsvirði. Á meðal þeirra eru 10,2 prósent í sænska bankanum Carnegie og 75,9 prósent í bankanum KIB í Makedóníu. Dótturfélag Milestone eru Sjóvá, Askar Capital og Avant.

- jaf

Ekki bíða lengur

Ekki láta einfalda hugmynd eins og að eyða í sparnað flækjast óþarflega fyrir þér. Landsbankinn býður upp á einfaldar sparnaðarleiðir sem henta hverjum og einum.

Þú þarft einungis að fara á landsbanki.is eða hafa samband í síma 410 4000, velja upphæð og eina af eftirtöldum sparnaðarleiðum og byrja að spara reglulega.



1. Sparnað í sjóðum

Þú þarft einfaldlega að:

- Velja fjárhæð, allt frá 5.000 kr. á mánuði.
- Velja sjóð eftir ráðlögðum fjárfestingartíma miðað við áhættustig:
 - Peningabréf, a.m.k. 1 mán.
 - Safnbref varfærin, a.m.k. 1 ár
 - Safnbref blönduð, a.m.k. 3 ár
 - Safnbref framsækin, a.m.k. 5 ár

2. Sparnað á bók

Þú þarft einfaldlega að:

- Velja fasta fjárhæð, allt frá 500 kr. á mánuði.
- Velja innlánsreikning - hægt er að velja á milli bundinna eða óbundinna og verðtryggðra eða óverðtryggðra innlánsreikninga.

3. Sparnað með korti

Þú þarft einfaldlega að:

- Ákveða hvort þú vilt spara með debet- og/eða kreditkort.
- Ákveða hvort þú vilt hækka upphæðina sem keypt er fyrir í næstu 100, 500 eða 1.000 kr., eða hækka hverja færslu um fasta upphæð, 100, 250, 500 eða 1.000 kr.
- Velja sparnaðarreikning sem sparnaðurinn er lagður inn á.

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.



Landsbankinn

Kalla eftir reikningum fjölda félaga

Ársreikningaskrá hefur borist mikið af eldri ársreikningum félaga eftir áminningarbréf sem stofnunin sendi í byrjun árs.

„Allstór hópur fyrirtækja fékk þessi bréf og við erum enn að vinna í því sem er að komna inn,“ segir Guðmundur Guðbjarnasonar, forstöðumaður Ársreikningaskrár.

Í framhaldinu verður ýtt enn frekar á félög sem eftir eiga að skila.

Meðal þekktara fyrirtækja sem enn eiga eftir að skila inn reikningum, jafnvel fyrir fleiri en eitt ár, má nefna félög á borð við Fons Eignarhaldsfélag, Nordic Partners og Runn ehf, sem öll skulda fleiri en eitt rekstrarár. Oddaflug skuldar samkvæmt upplýsingum Árs-



GUÐMUNDUR GUÐBJARNASON

reikningaskrár reikninga fyrir árið 2006 ásamt fleirum og þá eru nokkur félög sem kunna að hafa skilað árinu 2006, en eiga eftir einhver fyrri ár.

Í októberlok 2006 greindi Fréttablaðið fyrst frá umtalsverðum vanskilum á ársreikningum til Ársreikningaskrár og frá lögum sem þá voru í smíðum og heimilðu sektarákvæði, skiluðu félög ekki inn reikningum. Síðan hafa allmörg þekkt félög tekið sig á og skilað inn ársreikningum, mörg hver fyrir fleiri en eitt ár.

Guðmundur segir enn verið að leggja lokahönd á reglugerð vegna nýju laganna, en í þeim sé þó skýr heimild til að sekta brotleg félög. „En það hefur ekki enn verið farið

út í neinar sektaraðgerðir, málið er ekki komið á það stig.“ Hann segir að þegar reglugerðin hafi verið birt verði haldið áfram að kalla eftir reikningum. „Markmiðið er náttúrulega að fá reikningana inn, án þess að beita sektum, þótt við látum menn náttúrulega vita af því að sektir vofi yfir, verði þeir ekki við þeirri lögmætu kröfu að skila ársreikningi,“ segir hann.

Ástæður þess að félög sinna því ekki að skila reikningi segir Guðmundur í sumum tilvikum skrifast á slóðaskap, en í öðrum sé það bókhaldsoreiða. Þá eru einnig dæmi um félög sem bera við samkeppnisástæðum vegna vanskilanna. „Um það eru til dæmi, en yfirleitt er þetta slóðaskapur að sinna ekki lagaskyldunni og svo hitt að þau hafa hlutina ekki í lagi.“

- ók

SKF

N1

LEGUR

Legur · Leguhús · Reimar · Tannhjól · Reimskífur
Pakkdósir · Sérverkfæri · Legufeiti

N1 býður úrval af legum og tengdum vörum fyrir iðnað, bifreiðar og sjávarútveg. Hafðu samband við fagmenn okkar í síma 440 1233.

WWW.N1.IS



STÓR OG STERKUR

NÝJA EURO IV COMMONRAIL 184 HESTAFLA DÍSILVÉLIN FULLKOMNAR
EINN STERKASTA JEPPA SEM FYRIRFINNST. KOMDU OG PRÓFAÐU.



Nissan Patrol

KOSTAR AÐEINS **SE SJÁLFSKIPTUR**
4.990.000 kr.

Staðalbúnaður er m.a: Hátt og lágt drif, 100% driflæsing að aftan, ABS hemlar, loftpúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti, NATS ræsivörn með gaumljósi, hraðastillir (cruise control), loftræsting, hiti í sætum, öll bílbelti 3ja punkta, framsæti með mjóhryggsstuðningi og hæðarstillingu, hitastokkar í afturrými, rafdrifnar rúður og útispeglar, útvarp og 6 diska geislaspilari, 6 hátalarar, 6 glasahaldarar, 12v raftengi, leðurklætt stýri, gír- og drifstangir, viðarklæðning í mælaborði, samlæsingar, litað gler, kastarar í stuðara, 17" álfelgur.



Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförmum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavinum sínum. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



FRÉTTASKÝRING – BAK VIÐ LÁS OG SLÁ

3. HLUTI

Fangar sem hafa engu að tapa

Útlendingum hefur fjölgað ört í íslenskum fangelsum undanfarin áratug. Þeir eru nú um sextán prósent af heildarfjölda fanga. Fangaverðir á Litla-Hrauni bera erlendu föngunum vel söguna. Viðmælenda hafa áhyggjur af tengslamyndnum íslenskra og erlendra fanga. *Magnús Halldórsson og Karen D. Kjartansdóttir* fóru yfir tölur um fjölda erlendra fanga og viðhorf til þeirra.

„Þetta er ein af birtingarmyndum alþjóðavæðingar og þess að heimurinn er bæði að stækka og minnka í senn,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, um aukna glæpatíðni útlendinga hér á landi. Í takt við fjölgun þeirra hér á landi hafa þeir komið sífellt meira við sögu lögreglu.

Rúmlega sextán prósent fanga í íslenskum fangelsum eru útlendingar, 22 af 134 samkvæmt tölum sem Fangelsismálastofnun tók saman fyrir Fréttablaðið í gær. Litháar eru fjölmennastir en þeir eru nú talsins, rétt um fjörutíu prósent af heildarfjölda

erlendu fanganna. Ellefu Litháar voru í fangelsum í fyrra. Munar þar um stór fíkniefnamál sem Litháar hafa komið að á undanförunum árum.

Stefán segir alla þá sem vinni löggæslustörf þurfa að tileinka sér ný vinnubrögð til þess að bregðast við skipulögðum afbrotum útlendinga hér á landi. „Við erum sífellt að auka þekkingu okkar fólks um afbrot sem bera það með sér að vera skipulögð. Dæmi um skipulagðan þjófnað, fíkniefnainnflutning og ekki síst aukna hörku hafa opnað augu margra fyrir þeim vágasti sem alþjóðleg glæpastarfsemi



EKKI BARA ÍSLENSKA Fangar á Litla-Hrauni hafa í gegnum tíðina lagt það í vana sinn að rista ummerki í borðin í fangaklefunum. Í gær sýndum við mynd af ummerkjum sem fangarnir Frikki og Robbi höfðu skilið eftir sig. Á myndinni hér að ofan sést Litháen skrifað á frummálinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

er,“ segir Stefán. „Við höfum sýnt það með markvissum aðgerðum að við viljum ekki að Vítisenglar eða önnur glæpasamtök festi hér rætur.“

Margir viðmælenda Fréttablaðsins innan lögreglunnar og Fangelsismálastofnunar eru sammála um að það geti valdið vandræðum ef útlendingar ná að mynda tengsl við íslenska fanga. Þannig sé líklegra að skipulögð glæpastarfsemi röttest.

ÞJÓÐERNI ERLENDRA RÍKISBORGARA Í AFPLÁNUN Í FANGELSUM

	2001	2004	2007
Litháen		2	11
Danmörk	3		1
Kína		5	1
Bretland	3	2	
Bandaríkin	1	2	1
Holland	2	1	4
Rúmenía	1	1	3
Pólland		1	2
Nígería		2	1
Marokkó		2	1
Ítalía	3		
Portúgal	1	1	1
Albanía		3	
Lettland	3	1	
Belgía		2	
Congo		2	
Önnur lönd	1	8	8



PRÖNGAR VISTARVERUR Plássíð í klefum fanganna á Litla-Hrauni er ekki mikið eins og sést á þessari mynd.

www.toyota.is



RAV4 SPORT – með aukahlutapakka að verðmæti 235.000 kr.

Fullbúinn RAV4 tryggir þér fleiri möguleika og færri hindranir á veginum. Nú bjóðum við RAV4 SPORT með veglegum aukahlutapakka, heilsársdekkjum, dráttarbeisli, krómgrilli, aurhlífum og skyggðum rúðum, að verðmæti 235.000 kr.

Verð frá 3.120.000 kr.*

Fáðu meira, komdu og reynsluaktu RAV4 SPORT



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanæsbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanæsbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossmesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Míðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*Bill á mynd er RAV4 GX og kostar 3.400.000 kr.

Fyrirmyndarfangar sem þykir gott að búa í íslenskum fangelsum:

Á launum sem þykja góð í Litháen

„Það er mín tilfinning að þeim finnst þeir ekki hafa neinu að tapa. Ef smyglið tekst koma þeir út í gróða en ef það mistekst fá þeir vinnu í fangelsi á launum sem þykja bærileg í Litháen,“ segir Einar Loftur Högnason, sem starfað hefur sem fangavörður í sautján ár, um stöðu erlendra fanga, þá sérstaklega Litháa inni á Litla-Hrauni.

Einar Loftur segir Litháa þó einkar vel liðna innan fangelsisveggjanna. Þeir séu harðduglegir, snyrtilegir og eigi auðvelt með að búa í miklu návígi við aðra eins og tíðkist í fangelsum. Um það eru allir starfsmenn innan fang-

elsismála sammála af þeim sem ræða við blaðamenn. Fólk er þó almennt einnig sammála um að eðlilegt sé að fangar afpláni refsingu í því landi sem þeir koma til með að búa í að lokinni refsingu, þá sérstaklega þegar litið er til þess hve fangelsi á Íslandi eru nú þröngt setin og hve marga á eftir að boða til afplánunar.

Innan dómismálaráðuneytisins er nú unnið að því að kanna möguleika á því að senda erlendra ríkisborgara, sem gerst hafa brotlegir við lög hér á landi, til afplánunar í heimalandi sínu. Á nýliðnu ári luku afplánun eða voru í afplánun í lok árs 35 erlendir ríkisborgar-

ar. Af þeim voru tuttugu ekki búsettir hér á landi og sátu þeir inni fyrir ofbeldisbrot, kynferðisbrot, fíkniefnabrot og auðgunarbrot. Nú eru til rannsóknarmeðferðar eða á ákærustigi mál allmargra erlendra ríkisborgara, meðal annars vegna gruns um aðild þeirra að nauðgunum, fíkniefnabrotum eða líkamsárásam. Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, hefur greint frá því við Fréttablaðið að langflestum EES-borgurum sem hafi fengið dóma hér til þessa hafi verið vísað úr landi eftir að fangelsisvist lýkur. Þá hefur Björn Bjarnason dómismálaráðherra greint frá



BÓN Litháískir fangar sjást hér þrifa bíl í bílskúr á Litla-Hrauni. Þeir þykja duglegir í vinnu og eru fyrirmyndarfangar að sögn fangavarda.

því að þegar búið sé að kanna réttarheimildir og réttarstöðu þess að menn afpláni dóma í heimalandi sínu verði niðurstaðan kynnt.

„Þetta eru góðir strákar en eins og ég segi finnst þeim bara fínt að vera hérna og dæmi eru um að þeir komi jafnvel glaðir aftur til okkar,“ segir Einar Loftur.



STEFÁN EIRÍKSSON Ýmis einkenni skipulagðrar glæpastarfsemi hafa komið fram hér á landi, segir Stefán. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lagaheimildir þarf að styrkja:

Stöndum öðrum þjóðum langt að baki

Lagaheimildir lögreglu til þess að berjast gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi hér á landi eru umtalsvert þröngri en í löndunum í kringum okkur. Munar þar mestu um að hér miðast heimildir lögreglu til rannsókna og aðgerða við það að rökstuddur grunur sé uppi um lögbrot.

Í nágrannalöndum okkar og raunar víðast hvar í Evrópu hefur lögregla víðtækari lagaheimildir til þess að rannsaka ýmis einkenni skipulagðrar glæpastarfsemi, með ítarlegri greiningavinnu og víðlíka aðgerðum.

Stefán Eiríksson segir brýna þörf vera á því að umræðu um þessi mál verði til lykta leidd, með öryggishagsmuni að leiðarljósi. „Það er ekki tilviljun að útlendingum hafi fjölgað hér í fangelsum hér á landi. Margir þeirra voru fundnir sekir um alvarleg brot. Í því ljósi þarf að huga að því hvaða úrræði lögreglan hefur til þess að sporna gegn því að hér nái fótfestu forhertir glæpahópar. Dómismálaráðherra [Björn Bjarnason] hefur talað fyrir þeim viðhorfum sem lögreglan telur skynsamleg. Það þarf að sýna framsýni í þessum eignum svo það sé ljóst að það sé búið að byrgja brunninn áður en barnið dettur í hann.“

Fangar í gæsluvarðhaldi:

Fimm af átján útlendingar

Átján fangar eru í gæsluvarðhaldi og þar af fimm útlendingar, samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun. Þrír af þessum fimm eru búsettir hér á landi. Tveir af þeim átján sem eru í gæsluvarðhaldi eru sextán ára gamlir.

Af þessum tuttugu og tveimur útlendingum sem eru í fangelsi núna eru fjórir Hollendingar, tveir Bretar, og einn frá Eþíópíu, Gana, Portúgal, Póllandi, Sierra Leone, Vietnami og Þýskalandi.



ÞAÐ ER ÁVÍSUN Á ÁVINNING AÐ VERA Í STOFNI

Árleg endurgreiðsla er aðeins einn af fjölmörgum kostum þess að vera í Stofni. Má þar nefna afslátt af tryggingum og barnabílstólum, ókeypis flutningstryggingu, bílaleigubíl vegna kaskótjóns ásamt nýjasta þjónustuliðnum: Vegavernd Sjóva.

Farðu á sjova.is eða hringdu í síma 440 2000 og kynntu þér kosti þess að vera í Stofni. Vertu viss um að njóta góðrar þjónustu.

ENDURGREIÐSLA – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ

STOFN

ÞRIÐJA GREIN AF FJÓRUM

Á morgun:

Framtíðaráform í fangelsismálum

Viltu lækka símreikninginn um **2.000 kr.** á mánuði?

Komdu við í verslunum okkar eða á nova.is,
veldu þér farsíma á tilboðsverði og lækkaðu
símreikninginn þinn svo um munar.

2000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði
fylgir öllum síma-
tilboðum hjá Nova!

0 kr.
Nova í Nova
Símtöl, myndsímtöl, SMS
og MMS milli viðskiptavina
Nova kosta ekki krónu!

**Internetið
í símann
fylgir með!**
Gullpakkinn 990 kr./mán.
fylgir með til 1. júní 2008!



**NOKIA
6120**

Útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

24.000 kr./stgr.



**Sony Ericsson
W910i**

Útborgun

14.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

38.900 kr./stgr.



**NOKIA
E51**

Útborgun

4.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

28.900 kr./stgr.

Þessir farsímar og margir fleiri á frábæru tilboði hjá Nova.

Nova | Verslanir Lágmúla og Smáralind | Þjónustuver 519 1919

www.nova.is



Opið í dag
frá 11-16 í Lágmúla
og 11-18 í Smáralind.
Opið á morgun, sunnudag,
frá 13-18 í Smáralind.

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

UMMÆLI VIKUNNAR

„Ég á mér bara einn draum, að ríkisstjórnin vakni.“
Guðni Ágústsson formaður Framsóknarflokksins.

„Maður sem á sér draum er sjálfur sofandi en ríkisstjórnin er vakandi.“
Geir H. Haarde forsætisráðherra.

stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á vísir.is

Bannað að ráða frænku sína

Skorður eru settar við ráðningum skyldmanna í störf aðstoðarmanna stjórnarandstöðuflokka og landsbyggðarþingmanna samkvæmt reglum forsætisnefndar Alþingis þar um.

Nefndin hefur afgreitt tillögur um fyrirkomulag aðstoðarmannanna en þeir eiga að hefja störf um næstu mánaðamót. Í takt við ný þingskapalög fá formenn stjórnarandstöðuflokkanna aðstoðarmann í heilu starfi og hafa þeir starfsaðstöðu í þinginu. Þing-



menn landsbyggðarkjörðæmanna þriggja fá hins vegar aðstoðarmann í þriðjungsstarfi og skulu þeir vera staðsettir úti í kjördæmunum.

Tveir af þremur formönnum stjórnar-

andstöðuflokkanna hafa áður haft aðstoðarmenn. Guðni Ágústsson og Steingrímur J. Sigfússon hafa jú báðir verið ráðherrar en það verður ný reynsla fyrir Guðjón Arnar Kristjánsson að hafa sérstakan mann sér til aðstoðar.

STÍF DAGSKRÁ

Geir H. Haarde forsætisráðherra verður á spani í tveggja daga heimsókn til Lúxemborgar og Brussel undir lok mánaðarins. Að morgni þriðjudagsins 26. febrúar heimsækir hann Landsbankann, Glitni og Kaupþing í Lúxemborg, borðar hádegisverð með forsætisráðherra landsins og brunar að því búnu til Brussel þar sem hann hittir framkvæmdastjóra Nató áður en hann setur viðamikla íslenska menningarhátíð. Miðvikudagurinn hefst á fundi með forsætisráðherra Belgíu og að honum loknum taka við samtöl við þrjá framkvæmdastjóra Evrópusambandsins auk forseta framkvæmdastjórnarinnar. Inni á milli funda heimsækir hann Eftirlitsstofnun EFTA.

VIKA Í PÓLÍTÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Álag



„Þetta var klaufalegt hjá mér. Ég er bara mannlegur. Ég er bara manneskja sem getur gert mistök og undir svona miklum þrýstingi og álagi þá hefur maður auðvitað gert mistök.“ Þetta sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson á Valhallarfundinum fræga á mánudag.
„Ég er bara mannlegur.“
Það var einmitt það.
„...og undir svona miklum þrýstingi og álagi þá hefur maður auðvitað gert mistök.“
Einmitt.

Það er sem sagt ekki hægt að treysta því að Vilhjálmur standi sig undir þrýstingi og álagi. Þá gerir hann „auðvitað“ mistök.

Vilhjálmur hefur setið í borgarstjórn Reykjavíkur frá 1982. Fyrstu níu árin reyndi ekki á hann að ráði – ekki frekar en aðra borgarfulltrúa – því Davíð stjórnaði. Næstu fimmtán árin var hann í minnihluta og þar sem borgarfulltrúar í minnihluta ráða engu eru þeir hvorki undir álagi né þrýstingi.

Auðvitað þurfti Vilhjálmur ekki að nefna mannlegt eðli sitt sérstaklega. En það var heiðarlegt af honum að segja okkur að hann geri mistök undir þrýstingi og álagi.

Þá er bara að gæta þess að hann lendi ekki undir þrýstingi og álagi. Og það gerir hann best með því að vera í minnihluta eða láta öðrum eftir að stjórna.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BRÝNT MÁL Siv, Guðni og Valgerður telja meðal annars að stjórnarskrárákvæði um þjóðareign auðlinda sé nauðsynlegur grunnur löggjafar um eignarhald á orkulindum.

Auðlindirnar verði þjóðareign

Framsóknarmenn segja að stjórnarskrárákvæði um að náttúruauðlindir verði þjóðareign raski ekki kvótakerfinu. Brýnt sé að festa ákvæðið áður en hefðarréttur getur myndast um fiskveiðikvótann.

„Þetta er stærsta mál þingsins,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, um frumvarp flokksins um breytingu á stjórnarskránni. Í því er kveðið á um að náttúruauðlindir og landsréttindi, sem ekki eru háð einkaeignarétti verði þjóðareign. Þau megi ekki selja eða láta varanlega afhendi til einstaklinga eða lögaðila en veita megi tímabundna eða breytanlega heimild til afnota eða hagnýtingar gegn gjaldi.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi á mánudag en forysta flokksins kynnti blaðamönnum röksemdir þess á fimmtudag.

Í máli Guðna Ágústssonar kom fram að efni og texti frumvarpsins byggðust á niðurstöðu auðlinda-nefndar frá árinu 2000.

Guðni sagði brýnt að þjóðareignarákvæðið yrði bundið í stjórnarskrá þar sem menn óttuðust að hefðarréttur gæti myndast um fiskveiðikvóta. Því væru þingmenn í kapphlaupi við tímann. Kvað hann einnig mikilvægt að vekja stjórnarskrárnefnd til starfa á nýjan leik. „Það stendur ýmislegt í kokinu á Sjálfstæðisflokknum,“ sagði Guðni, sem telur kröfu flokksins um að synjunarvald forseta verði afnumið standa í vegi fyrir öðrum breytingum. „Auðvitað getur forsætisráðherra ekki látið stjórnarskrármálið vera í gíslingu út af tilfinningum, kannski frá árinu 2004,“ sagði Guðni og vísar til synjunar forseta á stað-

HVAÐ ER NÚ ÞEGAR Í ÞJÓÐAREIGN?

„Hvað er þjóðareign?“ spurði Guðni Ágústsson og svaraði sjálfum sér: „Það liggur fyrir að lögin um Þingvelli eru mjög skýr. Þingvelli eru í eigu íslensku þjóðarinnar. Það segir líka í lögnum um þjóðleikhúsið og síðan um okkar fallega þjóðsöng.“

festingu fjölmíðalaga. Engin grundvallarbreyting yrði á fiskveiðistjórnunarkerfinu, að sögn forystu Framsóknarflokksins, þó að sameignarákvæðið færi í stjórnarskrá.

Valgerður Sverrisdóttir varaformaður telur áður nefnt stjórnarskrárákvæði mikilvæga forsendu núgildandi kvótakerfis. „Því hefur verið haldið fram að ákvæði 1. greinar fiskveiðistjórnunarlöganna um þjóðareign á auðlindum sjávar sé einskis virði vegna þess að það er ekki ákvæði þessa efnis í stjórnarskránni,“ segir hún. Sama eigi við um frumvarp um orkumarkaðinn. „Það er í raun ekki nægilega úthugað að okkar mati miðað við að ákvæðið er ekki komið inn í stjórnarskrá til að byggja á.“

Siv Friðleifsdóttir þingflokksformaður sagði Sjálfstæðisflokkinn hafa tafið málið á síðasta kjörtímabili. Þegar það loks hafi komið fram hafi af skammt verið til kosninga. „Þess vegna leggjum við þetta snemma fram til að tryggja að Sjálfstæðisflokkurinn geti ekki tafið það á þeim forsendum að skammt sé til kosninga.“

Öll telja þau samstöðu ríkja um málið á Alþingi og því bjartsýn á að það nái fram að ganga.

Stærsta GSM þjónustusvæðið

Gleðifregnir úr Eyjum

Sjónmaður einn varð forviða þegar hann komst í fullt GSM samband þar sem hann var staddur ríflega 30 km undan ströndum Vestmannaeyja. Hringdi hann í kjölfarið í þjónustuver Vodafone og tilkynnti hátíðlega að NMT símanum yrði hér með stungið ofan í skúffu.

— Sönn saga frá 1414.

Með tilkomu langdræga GSM kerfisins býður Vodafone nú stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi. Skiptu yfir til Vodafone, án þess að skipta um símanúmer, með einu símtali í 1414 – strax í dag.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Garðskagaviti

Hofsjökull

Grimsey

Fliken/SIA

Panasonic

GÆÐI Á BETRA VERÐI



- **V-Real Engine** tæknin tryggir bestu upplausn og bjartari og betri mynd
- **Advanced 3D Colour Management** og allir litir verða skýrari og skarpari en áður
- **Motion Pattern Noise Reduction** tryggir betri litaaðgreiningu við mikla hreyfingu
- **Real Black Drive** og þú færð meiri aðgreiningu í svartan lit
- **VIERA Link** og þú getur stýrt öllum Panasonic tækjum með einni fjarstýringu

Panasonic TX32LE7F

32" HD 16:9 LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ ▶ **79.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990



VIERA LINK



Panasonic TX26LE7F

26" V-Real LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ ▶ **69.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990



VIERA LINK



Panasonic TX32LX70F

32" LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ ▶ **129.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990



VIERA LINK



Panasonic TH42PV7F

42" V-Real 2 PLASMA BREIÐJALD með 1024x768 punkta uppl., V-Real Engine, Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 8.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó, V-Audio Surround, 2 x Scart (með RGB), 1 HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC, heymartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ ▶ **149.990**

FULLT VERÐ kr. 189.990



VIERA LINK



Panasonic TX37LZD70F

37" Full HD 1080p LCD BREIÐJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro 2 Engine tækni, IPS Alpha skjá, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymatt., textavarpi ofl.

TILBOÐ ▶ **189.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990



1971 - 2008

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hjómýsín, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvamstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Hagkaup, Akureyri. Heimilistækni, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vognafríði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossmar, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusitalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Gardi.

Framtíðin er í Vatnsmýri.

Óttanum eytt

JÓN KALDAL SKRIFAR

Í grófum dráttum má segja að stjórnendur séu af tveimur gerðum. Annars vegar þeir sem taka ákvarðanir út frá því hvernig hlutirnir hafa alltaf verið, og svo hinir sem reyna að sjá nokkra leiki fram í tímann og ákveða kúrsinn eftir því. Fyrri aðferðina má kenna við baksýnispegilinn og hún hefur ýmsa kosti. Hún byggir á reynslu og getur forðað mistökum. Gallinn er sá að hún er í eðli sínu mjög íhaldssöm og svo eiga hlutirnir til að taka breytingum og fortíðin er þá alls ekki besti leiðarvísirinn.

Síðari aðferðin byggir á því að sjá fyrir sér framtíðina og helst færa hana til nútímans. Þetta er vissulega áhættusamari aðferð en sú sem byggir á baksýnispegilinum. Ef vel tekst til er hún hins vegar bæði margfalt líklegri til árangurs en ekki síður til að forðast dýrkeypt mistök. Lítil dæmisaga sem Moshe Rubenstein, prófessor við UCLA, sagði á námskeiði í Háskólanum í Reykjavík fyrir nokkrum árum fangar vel framtíðarhugsunina: Háskóli einn í Bandaríkjunum reisti nokkrar nýjar byggingar á svæði sínu. Þegar framkvæmdum var lokið var ákveðið að leggja ekki göngustíga til að tengja nýju húsin. Þess í stað var svæðið milli þeirra sléttað. Að nokkrum vikum liðnum lá ljóst fyrir hvað leiðir stúdentarnir völdu sér milli bygginganna. Þá loks var ráðist í göngustígagerðina. Stjórnendum skólans hafði tekist að færa framtíðina til nútímans.

Í vikunni tókst þeim sem koma að stjórn Reykjavíkur að sýna okkur hvernig framtíð höfuðborgarinnar getur orðið. Í niðurstöðum alþjóðlegu hugmyndasamkeppninnar um Vatnsmýrina er ekki horft í baksýnispegilinn.

Í keppnislýsingu samkeppninnar var það skilið eftir galopið hvort flugvöllurinn færi úr Vatnsmýrinni eða yrði þar um kyrrt. Það er lýsandi að í fyrstu umferð gerði aðeins ein tillaga af 136 ráð fyrir flugvöllinum áfram. Og í annari umferð féll höfundur hennar frá þeirri útfærslu.

Ákveðinn ótti við hvað kæmi í staðinn fyrir flugvöllinn hefur lengi bærst meðal þeirra sem vilja hann burt. Og það ekki að ástæðulausu. Sporin hræða. Sú Benidorm norðursins, sem risin er við Skúlagötu, hefur ekki beinlínis fyllt mann bjartsýni, né heldur framhaldið við Borgartún þar sem kassar í miðju bílastæði eru leiðarminnið. Vinningstillaga Skotans Graeme Massie um Vatnsmýrina eyðir þessum ótta. Hún kemur eins og ferskur andblær inn í þá skipulagshugsun sem hefur ráðið ríkjum í Reykjavík undanfarna áratugi. Fegurðin í tillögunni er ekki síst sú að hún byggir að stóru leyti á sömu grunnhugmynd og er að baki borgarskipulaginu frá því 1927, sem miðaði að því að Reykjavík yrði borg í evrópskum stíl með randbyggðum nokkurra hæða húsum.

Ef tillaga Massie verður að veruleika bjargar hún Reykjavík frá þeim örlögum að breytast í bíla- og úthverfaborg á bandarískan máta.

Mikil þverpólítísk samstaða var meðal meirihluta borgarfulltrúa um að taka af skarið um framtíð Vatnsmýrarinnar á kjörtímabilinu. Nýr meirihluti hefur aðra stefnu í fyrsta sæti í málefnasamningi sínum. Þar seldu sjálfstæðismenn sig undir vilja Ólafs F. Magnúsonar. Það yrði mikið slys ef einum borgarfulltrúa af fimmtán tækist að tefja þetta mál í krafti valdataflsins í Ráðhúsinu. Við megum engan tíma missa. Það þarf að taka u-beygju frá úthverfaskipulaginu sem nú blasir við í borginni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál).
 FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ÍSSN 1670-3871.

Uppboð 17 febrúar í IÐNÓ við tjörnina

Uppboðsdagskrá:

1. hluti kl. 12:00 Frímerki
2. hluti kl. 13:30 Póstkort og mynt.
3. hluti kl. 14:30 Póstkortasafn S.Ö
4. hluti kl. 17:00 Bækur, málverk og aðrir listmunir.

Meðal uppboðsefnis:

- Myndir eftir Kjarval, Svavar, Barböru, Nínu, Eirík Smith o.fl.
- Úrval af mynt, m.a. frá lónaðarsýningunni 1883 og 1911, en upplag var 31 eintak.
- Gamalt póstkortasafn Sigurðar Örylgssonar.
- Silfurskeið handunnin af Asbjörn Jacobsen.
- 81 bókartitill m.a. eftirgerð af elstu íslensku handritunum í 18 bindum, útg. af Rosenkilde & Bagger.
- Gott úrval af ferðabókum, landfræðiritum, fornritum, blöðum, tímaritum o.fl. áhugaverðu.

Allir velkomnir.

Uppboðsefni til sýnis laugardag 16. febrúar frá kl. 10 – 16 á Austurströndinni. Einnig hægt að skoða efnið á vefnum.



Arman & Andonov ehf., Austurströnd 1, 170 Seltjarnarnes, sími 551-05 50, aa-auctions@simnet.is, www.aa-auctions.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rangt mál

Hvað er nú að gerast? sagði nefndarmaður í umhverfisnefnd Alþingis þegar hann uppgötvaði að á meðal mála á dagskrá fundar nefndarinnar í gærmorgun var þingsályktun Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur um nýtt starfsheiti ráðherra. Þó að tillagan þurfi sjálfsgætt alla mögulega og ómögulega skoðun verður seint sagt að hún eigi erindi í umhverfisnefnd. Enda kom á daginn að um mistök var að ræða. Málið hafði slæðst inn á dagskrána í stað frumvarps um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.



Íþróttalífið eft

Menntamálaráðherra hefur, að tillögu íþróttanefndar, úthlutað 20 milljónum króna í styrki til samtals 90 styrkþega. Verkefni eru misjöfn og meðal styrkhafa eru Skíðagöngufélagið sem fær 150 þúsund krónur til að kaupa smurbekki fyrir gönguskiði, Skyldingasamband Íslands sem fær 300 þúsund til að kaupa hljóðkerfi fyrir Skyldingamiðstöðina í Laugardal og Skotfélag Akraness sem fær 200 þúsund kall til að kaupa ólympíska loftbyssu.

Er þetta það sem þarf?

Margt ágætt er að finna í sigurtílu Skotanna þriggja um skipulag Vatnsmýrarinnar. Til dæmis leggja þeir til að hluti Hringbrautarinnar fari í stökk en lítil þrýði er að götunni eins og hún er. Furðulegri er hins vegar hugmyndin um að Hljómskálagarðurinn verði stækkaður. Hann hefur nefnilega þótt allveg nógu stór fram til þessa. Reykvikingar eru að mestu lausir við almenningsgarðamenningu og kannski rétt að búa hana til áður en hugað er að stækkun garða.

bjorn@frettabladid.is

M/s Ísland

Mótorskipið Ísland siglir Óræðan kúrs suðvestur af landinu. Radarinn er í ólagi og framundan er þrútið loft og þykkur sjór. Veislunni í matsalnum er lokið og farþegar teknir að ókyrrast.

Í brúnni stendur stýrimaðurinn Geir, með báðar hendur á stýri, og rýnir út um sæblautar rúður. Skipstjórinn liggur sofandi í káetu sinni inni af stýrishúsinu en loftskeytamaðurinn Sólrún situr við tæki sín og töl og hefur náð sambandi við Brussel. „Þeir segja að við þurfum að breyta stefnunni um sjó gráður!“ hrópar hún fram til stýrimanns.

„Ha?“, segir Geir, lagar gleraugun og rýnir áfram út úr brúnni.

„Brussel segir sjó gráður á stjórn!“

„Ertu að tala við HAFNAR-STJÓRNINA í Brussel?“ spyr stýrimaður með glotti.

Inn kemur Þorgerður, annar stýrimaður, og vill tala við kaffein.

„Nei. Láttu hann vera. Hvað er málið?“ spyr Geir.

„Það er út af yfirbrytanum. Við verðum að...“

„Er ekki nýbúið að skipa hann? Þennan Ólaf F.“

„Jú, en... þú veist...“

„Hvar er Villi?“

„Hann fór af í Huddersfield, þú manst.“

„Já, alveg rétt,“ segir Geir og grettir sig örlítið um leið og stórt brot gengur yfir brúna.

„Á ég ekki bara að spyrja karlinn?“ spyr Þorgerður og bendir á hurð skipstjóra.

„Nei. Ekki trufla hann. Eru þau orðin óróleg?“

„Já, við verðum að gera eitthvað í þessu. Við erum að tapa tiltrú farþega...“



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Þjóðarskútan

Geir rýnir út í sortann og hugsar málið stutta stund áður en hann svarar: „Láttu þau bara kasta upp á þetta.“

Þorgerður hristir hausinn, dæsir og hverfur niður stigann. Í gættinni mætir hún Sigurði Einarssyni, fyrsta vélstjóra.

Hann strýkur svitann af enninu með olúfsvartri hendi um leið og hann stígur inn í brú, og kastar mæði áður en hann tilkynnir Geir að vélin sé að missa afl.

„Við getum ekki haldið svona áfram. Við verðum að taka land og skipta um olú.“

„Taka land? Hvar eigum við að taka land?“ spyr Geir.

„Í Evrópu.“

„Ég er í sambandi við Brussel!“ hrópar loftskeytakanan úr kompu sinni.

Skyndilega er hurðin rifin upp og inn af dekkinu birtast tveir hásetar, þeir Steingrímur og Ögmundur, í saltblautum sjögöllum.

„Seglin eru klár, sör,“ segir Steingrímur.

„Seglin?“ hvárir stýrimaður.

„Já. Við heyrum það að vélin sé að gefa sig. Þá er rétti tíminn til að setja upp seglin. Þau eru líka mun umhverfsvænni en helvítis bölvöld vélaraflíð,“ segir Steingrímur ákveðinn og Ögmundur bætir við:

„Við leggjum líka til að skipinu verði snúið heim. Þetta

er orðin ein stór háskafur.“ Þá heyrir hljóð úr horni. Sjómaelingamaðurinn Ingólfur Bender segir radar nú sýna grynnkandi hafsbötn.

„Við virðumst nálgast land.“ „Hvaða land er það?“ spyr Geir.

„Mér sýnist það vera... sker.“

Inn úr fundasal koma nú þeir Vilhjálmur Egilsson, formaður félags farþega á fyrsta farrými, og Grétar Þorsteinsson, formaður félags farþega á öðrum farrýmum.

Vilhjálmur segir frá óánægju á fyrsta farrými. Fólk vilji breyta um kúrs. Nú? Hvert vill það fara? spyr Geir.

„Til Evrópu,“ svarar Vilhjálmur.

„En þitt fólk, Grétar?“ spyr stýrimaður.

„Því er nú svosem sama. En það spyr hvort ekki sé hægt að borga bjórinn í evrum.“

„Brussel kallar aftur! Þeir eru tilbúnir með lóðs!“ kallar Sólrún úr loftskeytaherberginu.

„Ekki hlusta á þetta rugl! Hér talar alþjóðagróðahyggjan. Upp með seglin segjum við og hart í bak!“ segir Steingrímur og Ögmundur kinkar kalli.

Öllum að övörum birtist nú skipslæknirinn, Guðlaugur Þór, í brúnni og tilkynnir stýrimanni að hann sé búinn að loka reykherbergi yfirmanna. Fáir veita honum athygli.

„Það grynnkar hratt núna,“ kveður Bender.

Sem fyrr heldur Geir þéttingsfast í stýrið og rýnir út í sþykkandi sortann. Enn ein ágjöfing gengur upp á rúðurnar í brúnni. Áhöfnin bíður spennat eftir ákvörðun stýrimanns. En allt í einu opnast dyrnar á svitu skipstjóra og þrumandi rödd hans fyllir brúna:

„Haldið kúrs! Öbreytt stefna!“

Engin slys takk

UMRÆÐAN

Slysavarnir

Öll viljum við snúa heil heim að vinnudegi loknum en því miður eru ekki allir svo heppnir. Rekja má fjölda slysa til þess að ekki hefur verið hugað að öryggismálum við ýmsar framkvæmdir. Slík slys eru með öllu ólíðandi og mega ekki eiga sér stað.

Af þessum sökum er ástæða til þess að brýna stjórnvöld til þess að vera fyrirmynd þegar kemur að öryggi við framkvæmdir og gera ríkari kröfur en nú er gert til ýmissa verktaka. Til þess að stuðla að slíkri hugarfarsbreytingu hef ég flutt þingsályktunartillögu sem miðar að því að fela fjármálaráðherra að endurskoða innkaupastefnu ríkisstjórnarinnar með það að markmiði;

a) að tryggja sem best öryggi, heilsu og aðbúnað starfsfólks bjóðenda svo að tíðni slysa og atvinnutengdra kvilla verði lægst á Íslandi meðal OECD-landa

b) að koma í veg fyrir að framkvæmdir hins opinbera valdi óhöppum eða slysum (hér er átt við utanaðkomandi aðila, eins og t.d. vegfarendur,

þar sem um vegaframkvæmdir er að ræða).

Sem stærsti framkvæmdaáðili á Íslandi getur hið opinbera haft mikið að segja í þessum efnum með því að sýna gott fordæmi og setja reglur þar að lútandi um val á verktökum og birgjum m.t.t. frammi-stöðu þeirra í öryggismálum og heilsuvernd.

Íslenskt atvinnulíf og samfélag hefur alla burði til þess að verða fyrst til þess að setja sér núll-slystefnu rétt eins og við setjum okkur háleit markmið þegar kemur að umferðaröryggismálum.

Ríkiskaup og sveitarfélög geta komið miklu til leiðar ef val á verktökum/birgjum byggist á árangri viðkomandi aðila í öryggis- og heilsuverndarmálum, þ.e.a.s. að bjóðendur þurfi að leggja fram slysa- og atvinnusjúkdómatölfræði og áætlun um hvernig öryggis- og heilsuverndarmálum skuli fylgt eftir. Það er því mikilvægt að setja sér markmið um engin slys, því lág tölfræði slysa bætir ekki stöðuna fyrir þann sem lendir í því eða aðstandendur þeirra. Því hlýtur núll-slystefna að vera markmiðið.

Höfundur er alþingismaður.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

heima

Öndregi

SÍÐASTI DAGUR

ÚTSÖLUNNAR Í DAG! 10 - 50% AFSLÁTTUR

RAFEMAR, KRISTALIA, INCANTO, CHATEAU D'AX, CALLIGARIS,
HÜLSTA, JENSEN O.FL.



Eikarboð 85x160 + 1x 45 sm. stækkun verð áður: 88.200 verð nú: 44.200,-
Leðurstóll hvítur og svartur verð áður: 22.800 verð nú: 14.800,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

HEIMA
HÚSIÐ

BONUS BONUS BONUS

FERSKUR KJÚKLINGUR 40% AFSLÁTTUR



**40%
AFSLÁTTUR**

Holta ferskar kjúklingabringur
1559 kr/kg. MERKT VERÐ 2599 KR/



**40%
AFSLÁTTUR**

Holta fersk kjúklingalæri
395 kr/kg. MERKT VERÐ 659 KR/



**40%
AFSLÁTTUR**

Holta ferskir kjúklingaleggir
395 kr/kg. MERKT VERÐ 659 KR/KG.



**40%
AFSLÁTTUR**

Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr/kg. MERKT VERÐ 399 KR/KG.



**50%
AFSLÁTTUR**

Holta eldaðar kjúklingabollur
525 kr/kg. MERKT VERÐ 1049 KR/KG.



**40%
AFSLÁTTUR**

Ferskur heill kryddaður kjúklingur
479 kr/kg. MERKT VERÐ 799 KR/KG.



GOTT VERÐ ALI SVÍNAKJÖT



**40%
AFSLÁTTUR**

Ali ferskar svínakótilettur
1019 kr/kg. MERKT VERÐ 1698



499

Ali ferskur svínabógur
499 kr/kg.



**30%
AFSLÁTTUR**

Ali ferskur svínahnakki úrbeinaður
1259 kr/kg. MERKT VERÐ 1798

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL



Ferskar ömmupizzur 350g þrjár teg **298 kr stk.**



KS frosið lambalæri í sneiðum **999 kr/kg.**



KS lambasvið frosin 25% afsláttur
299 kr/kg. MERKT VERÐ 399



Óðals ferskt nautahakk 10 -14%
fituinnihald **798 kr/kg.**



Nautaat hamborgarar 10 stk. 120g
898 kr. MERKT VERÐ 1198 KR.



Íslandsgrís beikon 998 kr/kg..



NF sjófryst ýsuflok roðlaus
808 kr/kg.



NF saltfiskbitar beinhreinsaðir
m/roði **725 kr/kg..**



Bónus hamborgarhryggur
nýreyktur **898 kr/kg.**



Myllu skúffukaka
400 gr **198 kr.**



Brún vistvæn egg 10 stk
359 kr.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

Eftirmáli umræðu

UMRÆÐAN

Skipan héraðsdómara

Athyglisverð umræða hefur farið fram um löglegaogólöglegastjórnarhætti í tengslum við nýlega skipun héraðsdómara. Umræðan varpar ljósi á margt sem einkennir orðræðu um stjórnsmál hér á landi. Þótt nú hafi um sinn svokallað REI-mál og álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um stjórn fiskveiða dregið að sér athygli, sýnist mér umræðan um dómarskipunina geti varpað vissu ljósi á orð og ummæli manna í þeim málum.

Sannleikssniðganga

Fyrst blasir við að það virðist algert aukaatriði hvort menn segja satt eða ósatt í stjórnsmálaumræðu, nema þegar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmssyni verður á fótaskortur. Sjálfsgagt virðist að slíta texta úr sambengi til að hagræða umræðu, eins og Björn Bjarnason hefur gert og sýnt var fram á hér í blaði 9. febrúar sl. Ekki er tiltökumál að segja ósatt eins og Birgir Ármannsson gerir í blaðinu 24 stundum 17. janúar sl. Þegar hann fullyrðir að því hafi „hvað eftir annað verið haldið fram að ráðherra væri bundinn af mati [dóm]nefndarinnar.“ Ekkert virðist athugasemjulegt við að setja fram almennar fullyrðingar um álitsumleitun, eins og t.d. við ráðningu í tímabundin störf, og leggja það að jöfnu við störf dómnefndar samkvæmt lögum um dómstóla sem Sigurbjörn Magnússon gerir af nokkru steigurætti í Morgunblaðinu 29. janúar sl. Slík framsetning er villandi og lýsir óheilarleika í málflutningi.

Persónugerving

Morgunblaðið hefur frá upphafi



SIGURÐUR LINDAL

leitazt við að persónugera málið og tilgangurinn er augljóslega að vekja samúð með dómranum og drepa málinu þannig á dreif. Líðsáuki barst svo í skrifu Gunnlaugs Jónssonar framkvæmdastjóra í Morgunblaðinu 14. febrúar sl. En þar er ekki látið staðar numið. Stak-Steinar, sbr. t.d. Morgunblaðið 22. des. sl., og Ívar Páll Jónsson blaðamaður, sbr. Morgunblaðið 25. janúar sl., hafa gert skipun formanns dómnefndarinnar í embætti sýslumanns á Ísafirði 1983 að umtalsefni. Stak-Steinar fer með ósannindi og hvorugur þeirra svarabréðra hefur sýnt fram á að gengið hafi verið á svig við reglur sem þá giltu né góða stjórnsýsluhætti. Á rangfærslur Stak-Steinars benti ég í Fréttablaðinu 18. janúar sl. og ekki sá hann neina ástæðu til að bregðast við. Ívar Páll heldur áfram í áður nefndri grein og tengir skipun dómnefndarformannsins í embætti hæstaréttardómara 1991 við pólitískan klíkuskap og síðspiltta menn í Sjálfstæðisflokknum. Hann lætur þess hins vegar ekki getið hvort gengið hafi verið gegn álitu Hæstaréttar, enda var það ekki gert.

Sú er þó brotalöm á allri þessari umræðu að málið snýst ekki um persónur, hvorki dómarsins, né dómnefndarformannsins, heldur hvort farið hafi verið að lögum og gætt vandaðra stjórnarháttanna. Sjálfur hef ég lagt áherzlu á þetta með því að nefna engin nöfn þeirra sem þar koma einkum við sögu.

Valdgerving

Ein vonarstjarna Sjálfstæðisflokksins, Sigríður Andersen, má eiga það að hún talar af fullri hreinskilni: Það á að leggja dómnefndina niður og færa allt skipunarferli dómara undir dómsmálaráðuneytið sagði

hún eftir fund í Háskólanum í Reykjavík 23. janúar sl. Þetta er í samræmi við þá skoðun setts dómsmálaráðherra að starf pólitísks aðstoðarmanns dómsmálaráðherra eigi að vegna þyngst við mat á hæfni manna til dómarsstarfa og sé vænlegast til að tryggja sjálfstæði dómstóla. Hér er leiðarljósið að takmarka sem minnst ráðherraráðið, þannig að það valti ekki einungis yfir löggjafarvaldið, heldur einnig dómstóla. Af skrifum Birgis Ármannssonar, Sigurbjörns Magnússonar og Björns Bjarnasonar er ljóst að slíkar skoðanir eiga helzt til mikinn hljómgrunn meðal Sjálfstæðismanna.

Bókstafstrú

Vald er samkvæmt þessu ótakmarkað og bundið við bókstaf laganna; því verði einungis reistar skorður með öðru valdbóði. Þetta birtist í síendurteknum yfirlýsingum um að álit dómnefndarinnar sé ekki bindandi og því þurfi að setja skýrar reglur um að hve miklu leyti það bindi ráðherra. Hér hvarflar ekki að mönnum að ráðherra setji sjálfur valdi sínu takmörk með því að gefa gaum álitu dómnefndar og huga að því hvers vegna henni var komið á fót. Það hefur allt verið rakið hér í fyrri greinum og að auki í skrifum dómnefndarinnar sjálfar.

Umræðuhéfi

Allt varpar þetta nokkru ljósi á stjórnsmálastörf og stjórnsmálaumræður á Íslandi sem hafa nú á síðustum dögum birzt með átakanlegum hætti, ekki sízt í skrifum um stjórn fiskveiða, þar sem blygðunarlaust er tvinnad saman ósannindum, rangfærslum og dylgjum. Það verður efni í aðra grein, jafnvel margar.

Höfundur er lagaprófessor.

Hagfræðiprófessor rýnir í lögfræðiálit

UMRÆÐAN

Fiskveiðistjórnun

Ígreinum sínum í Fréttablaðinu um íslenska kvótakerfið hinn 7. og 14. febrúar sl. rýnir hagfræðiprófessorinn Þorvaldur Gylfason m.a. í lögfræðiálit Gauks Jörundssonar frá 28. júlí 1983 og hagnýtir sér það til að rökstýða að kvótakerfið hafi verið löglaut frá upphafi.



HELGI ÁSS GRÉTARSSON

Áróður um álit Gauks Jörundssonar

Í fyrri greininni fjallaði Þorvaldur m.a. um stjórn fiskveiða 1984 og um „ókeyypis úthlutun aflakvóta til skipa miðað við veiðireynslu 1980-83, sem hvíldi sumpart á fyrri úthlutunum. Þá lá þó fyrir lögfræðiálit Gauks Jörundssonar prófessors þess efnis, að lagaheimild hefði brostið til slíkrar úthlutunar árin næst á undan, en það álit kom ekki fyrir sjónir almennings fyrr en nú um daginn, 25 árum of seint.“ Í síðari greininni segir Þorvaldur m.a.: „Það vekur líka eftirtekt, að lögfræðingar, sem þekktu til málsatvika, skyldu ekki telja sér skylt að kunngera eða bergmála lögfræðiálit Gauks Jörundssonar prófessors 1983 þess efnis að lagaheimildir brýsti til kvótaúthlutunar, sem þá þegar hefði átt sér stað. Álitinu virðist hafa verið stungið undir stól í stjórnarráðinu á sínum tímum; það er nýfund. Lögfræðingar eiga helzt ekki að hylma yfir lögbrot.“

Staðreyndir um álit Gauks Jörundssonar

Aflakvótakerfi var komið á við stjórn veiða á verðmætustu fiskistofnum við Ísland árið 1984 með stöð í lögum nr. 82/1983. Uppþaka aflakvótakerfis í botnfiskveiðum og öðrum fiskveiðum 1984 laut að stýringu á veiðum fiskitegunda sem jafngiltu um eða yfir 90% heildaraflaverðmætis. Lög nr. 82/1983 voru sett tæpu hálfu ári eftir að Gaukur hafði skilað álitu sínu til sjávarútvegsráðuneytisins. Í álitinu er fjallað um hagsmuni sem telja má að hafi jafngilt um 1-2% af heildaraflaverðmæti en það snerist efnislega um hvort hægt væri að fallast á þá tillögu Landssambands

íslenskra útvegsmanna að hverju skipi, sem veiddi síld með reknem, yrði úthlutað ákveðnum kvóta sem að meginstefnu myndi byggjast á meðalafli skips sl. þrjú ár. Skoðun Gauks var sú að lagastöð skorti til að hægt væri að stýra reknemveiðum með þessum hætti.

Í fréttatilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 3. ágúst 1983, um stjórn síldveiða á haustvertíðinni 1983, kom m.a. eftirfarandi fram: „Vardandi reknemveiðarnar er rétt að hér komi fram að Landsamband íslenskra útvegsmanna hefur borið fram þá tillögu við sjávarútvegsráðuneytið að heildaraflakvóta reknemabáta verði skipt milli reknemabáta og þá með hlíðsjón af afla þeirra hin síðustu þrjú ár. Sjávarútvegsráðuneytið telur ekki rétt á þessu stigi að breyta því skipulagi, sem ákveðið var sl. haust, enda sé ekki lagagrundvöllur fyrir skiptingu afla milli báta með þeim hætti, sem tillaga LÍÚ gerir ráð fyrir.“ Samkvæmt þessu fór ráðuneytið í hvívetna eftir álitu Gauks og hægt er að lesa um það í ritinu Starfsemi Síldarútvegsnefndar 1960-1998, bls. 358-359.

Kvótaumræða: Staðreyndir eða áróður?

Deilur um stjórn fiskveiða munu sjálfsagt ávallt vera til staðar hér á Íslandi. Kvótakerfið hefur sína kosti og galla. Það hafa önnur stjórnkerfi einnig. Háskólamenn eiga að leiða málefnalega umræðu um þetta mikilvæga viðfangsefni samfélagsins. Þar eiga rök að ráða en ekki tilfinningar. Því miður virðist sem að hagfræðiprófessorum hafi misheppnast að halda þessu aðgreindu þegar hann hnýtti saman áður nefnt álit Gauks Jörundssonar við upptöku aflakvótakerfis í botnfiskveiðum árið 1984. Út frá álitu Gauks er engar ályktanir hægt að draga þess efnis að kvótakerfið við stjórn fiskveiða hafi frá 1984 verið löglaut. Staðreyndin er sú að stjórnvöld fóru eftir álitinu og upplýstu um efnislega niðurstöðu þess nokkrum dögum eftir að það hafði borist þeim.

Höfundur er sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands.

Meðferð valds

UMRÆÐAN

Borgarmál

Menn hafa farið mikinn vegna síðustu meirihlutamyndunar í borgarstjórn Reykjavíkur. Þótti sumum þetta réttur framgangur lýðræðisins. Aðrir tala um lygi, svik, launráð og valdafíkn.

Ekkert hefur þó verið minnst á hvort meirihlutamyndun sé nauðsynleg í sveitarstjórnun. Eða stjórnsmálum yfirleitt. Hvað felur hún í sér og er hún lýðræðisleg? Við myndum meirihluta er einnig myndaður minnihluti. Með því er afstaða og atkvæði þeirra sem kusu þá sem í minnihluta lenda að nánast engu gerð. Það geta verið einir í dag og aðrir á morgun eins og dæmin sanna.

Það er undarlegur síður og í raun magnað að það skuli viðgangast að hluti kjörinna fulltrúa geti bundist samtökum um að ræna aðra fulltrúa möguleikum á að gegna því starfi sem þeir voru þó kosnir til að sinna. Það er í fyllsta máta andlýðræðislegt að mynda meirihluta um útilokun minnihlutans. Þetta á sér ekki



ÁMUNDI LOFTSSON

stöð í sveitarstjórnarlögum og þarf að banna. Verksvið sveitarstjórna er að mestu afmarkað og bundið í lögum og lítill ágreiningur manna eða flokka þar um. Ekkert er heldur athugasemjulegt við að breytilegur meirihluti myndist við afgreiðslu mála. Þvert á móti er það mikið eðlilegra en að atkvæði séu greidd eftir fyrirfram gerðu samkomulagi um gagnkvæman stuðning til meiri valda en upp úr kjörkössunum kemur og útilokunar allt að helmingi kjörinna fulltrúa.

Þess vegna er það brýnt íhugunarefni hvornig menn fara með það umboð sem þeim er fengið.

Nýr borgarstjóri í Reykjavík var kjörinn í nafni Frjálslynda flokksins sem hann hefur gengið úr, aukinheldur er hann rúinn trausti féлага sinna í borgarstjórn. Hann er engu að síður borgarstjóri vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn seldi honum helming þess valds sem hann fékk frá kjósendum sínum fyrir það gjald að gera nærri helming borgarfulltrúa valdalausán.

Höfundur er verktafi.

Húnaflói

Grimsey

Blöndulón

Stærsta GSM þjónustusvæðið

Stórtíðindi úr Skagafirðinum

Ung kona staðhæfir að hún hafi náð GSM sambandi á bóndabýli foreldra sinna í Skagafirðinum. Það þykir ótrúlegt, enda hefur ekki náðst slíkt samband þar áður – svo lengi sem elstu menn muna. Eina tiltæka skýringin er sú að stúlkan hefur yfir að ráða farsíma frá Vodafone.

– Sönn saga frá 1414.

Með tilkomu langdræga GSM kerfisins býður Vodafone nú stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi. Skiptu yfir til Vodafone, án þess að skipta um símanúmer, með einu símtali í 1414 – strax í dag.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone

**41%
afsláttur**

Þú sparar 1.028 kr/kg



1.499 kr/kg. áður 2.527 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur án skinns

**40%
afsláttur**

Þú sparar 570 kr/kg



855 kr/kg. áður 1.425 kr/kg.
Goða gourmet ungnautahakk

**40%
afsláttur**

Þú sparar 846 kr/kg



1.270 kr/kg. áður 2.116 kr/kg.
Goða gourmet nautastrimlar

**30%
afsláttur**

Þú sparar 635 kr/kg



1.481 kr/kg. áður 2.116 kr/kg.
Goða gourmet ungnautagúllas

**30%
afsláttur**

Þú sparar 1.109 kr/kg



2.589 kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Goða gourmet lambafille kryddað

**30%
afsláttur**

Þú sparar 673 kr/kg



1.571 kr/kg. áður 2.244 kr/kg.
Goða gourmet ungnautasnitself

**25%
afsláttur**



149 kr/pk. áður 199 kr/pk.
Ávöxtur drykkur 3 tegundir



149 kr/pk.
Doritos nacho cheese

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 14. febrúar. til 17. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI



Hvar var Kjartan Gunnarsson?

Hún sparar með því að segja upp Mogganum en hann játar veikleika sinn fyrir fimm stjórnunum – Oddný Sturludóttir og Egill Helgason setjast á rökstóla.

Að kaupa sér nafn


Um hundrað Íslendingar skipta eða láta breyta eigin nafni sínu á hverju ári.

Menning

Nýja sigurtillagan úr alþjóðlegri samkeppni um byggð í Vatnsmýrinni, uppboð á íslenskum málverkum í Kaupmannahöfn í mars, árangur Katalóníumanna á Frankfurtarbókamessunni þar sem Íslendingar verða heiðursgestir árið 2011, nýtt ljóð eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur, ritdómar og umfjöllun um tvær nýjar sínfóniur er meðal þess efnis sem er í Tímaritinu Menningu sem fylgir Fréttablaðinu á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



MAÐUR VIKUNNAR

Hálfdanskur áhugamaður um fiska og fangelsi

Páll Winkel tók við embætti forstjóra Fangelsismálastofnunar um áramótin. Þótt hann hafi ekki gegnt embætti lengi hefur hann vakið athygli fyrir vasklega framgöngu í starfi. Reyndar er ekki vanhörf á þar sem mörg verkefni liggja fyrir í fangelsismálum hér á landi auk þess sem mikið enduruppbyggingarstarf er nú komið vel af stað.

Félagar, fyrrverandi og núverandi samstarfsmenn Páls, nefna allir að hann sé glaðvægur og röskur maður sem tali tæpitungulaust við fólk, ólíkt mörgum öðrum embættismönnum, eða eins og Erlendur Baldursson, afbrotfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, lýsir honum:

„Lögræðingur er oft ekki í lófa lagið að tala íslensku þannig að allir skilji. Það á Páll þó auðvelt með. Ég held að samstarfsfólk og skjólstæðingar kunnir vel að meta hvað hann talar hreint út.“ Erlendur lýsir honum sem „órögum hörkunagla,“ sem þó vilji oft vera harðari en hann sé í raun og veru. Hann sé afar greiðvirkur en slíkt geti komið honum í koll því ómöglegt sé að „gera við það hjá félaganum, skutla einhverjum öðrum út í bæ og vera að vinna á sama tíma“.

Þótt Páll sé að mestu leyti alinn upp á Íslandi þykir danskur uppruni hans rísta djúpt, einkum þegar kemur að knattspyrnu. „Það er ekki hægt að tala við hann um enska boltann því hann veit ekkert um önnur félög en þau dönsku. Hann heldur þó með Manchester United en það er bara vegna þess að Peter Schmeichel var þar í marki,“ segir Sveinn Ingiberg Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, þegar Pál ber á góma. Önnur áhugamál hans en danska knattspyrnan eru köfun, skotveiðar og skrautfiskaræktun. Hefur hann ræktað slíka fiska frá barnsaldri og látið

PÁLL WINKEL



ÆVIÁGRIP

Páll Egill Winkel er fæddur 10. júlí 1973 í Kaupmannahöfn en fluttist með móður sinni til Íslands árið 1976. Foreldrar hans eru Guðný Jónsdóttir, ritari ráðherra, og Per Winkel yfirlæknir. Páll á einn eldri bróður en sá er Jón Ólafur Winkel eðlisfræðingur og er hann búsettur í Þýskalandi. Páll gekk í grunnskólana Melaskóla og Flataskóla auk þess sem hann var eitt ár við nám í Kaupmannahöfn. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1993, útskrifaðist frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2000 en samhliða lögræðinámnu starfaði hann sem lögreglumaður, fyrst hjá Sýslumannsembættinu í Kópavogi, því næst hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík. Að loknu embættisprófi í lögræði hóf hann störf hjá Fangelsismálastofnun og starfaði þar í fjögur ár eða þar til hann tók við sem framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna árið 2004. Í byrjun árs 2007 hóf hann störf sem yfirmaður stjórnsýslusviðs Ríkislögreglustjóra og var því næst ráðinn aðstoðarríkislögreglustjóri. Í janúar síðastliðnum var hann ráðinn forstjóri Fangelsismálastofnunar. Páll er kvæntur æskuást sinni Katrínu Árnadóttur og eiga þau dæturnar Guðnýju Kristínu og Katrínu Pálu.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Páll þótti sinna starfi sínu sem framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna með þróði og gekk hart fram í að vekja athygli á starfi lögreglumanna og álaginu sem því fylgir. Meðal annars benti hann á vaxandi hótanir og ofbeldi gegn lögreglu en í viðhorfskönnun sem gerð var meðal lögreglumanna árið 2004 kom fram að 64 prósent lögreglumanna hefðu orðið fyrir ofbeldi eða hótunum sem þeir hafa tekið alvarlega og yfir helmingur lögreglumanna hefði orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi sínu. Af þeim tilvikum höfðu 37 prósent kært tilvikin en Páll gagnrýndi að árásir á lögreglumenn væru teknar of léttum tókum.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

Samstarfsmenn og félagar Páls eiga það sammerkt að segja hann harðduglegan, drifandi og svo glaðværan að í kringum hann sé alltaf gaman að vera. Hann þykir fremur hægrisinnadur þegar kemur að pólitík en ræði hana ekki mikið. Einn af hans helstu kostum þykir hve vel máli farinn hann er og að aldrei þarf að velkjast í vafa um hvaða skoðunar hann sé. Um áherslur hans í fangelsismálum sagði Margrét Frímansdóttir, forstöðumaður Litla-Hrauns, í Morgunblaðinu 11. janúar: „Þær eru mjög jákvæðar og byggjast fyrst og fremst á því að byggja upp jákvæðan starfsanda meðal starfsmanna og jákvæða endurhæfingu.“

HVAÐ SEGIR HANN?

„Það hlýtur að vera sanngjörn krafa lögreglumanna og annarra sem að rannsókn og saksókn mála koma að umfjöllun um þeirra störf sé byggð á málefnalegum forsendum og staðreynndum en sé ekki hluti af pólitískum hráskinnaleik stjórnmálanna á atkvæðaveiðum,“ sagði Páll Winkel þegar hann starfaði hjá Ríkislögreglustjóra í aðsendri grein til Morgunblaðsins 3. febrúar 2007 í tilefni ummæla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um störf lögreglu.

„skemmtilega óheflaðan“.

„Hann er traustur náungi, staðfastur og mikill framkvæmdamaður eða „dúer“. Hann á það til að vera skapstygur en er ekki stífur fyrir og því ekki mótaður eins og margir aðrir embættismenn, það held ég að sé mikill kostur,“ segir Regin.

hafa eftir sé með hann sé fagmáður á því sviði með afrískar og amerískar síklíður sem sérsvið. Þá hefur hann einnig lagt stund á lyftingar og lenti meðal annars í öðru sæti í kraftlyftingakeppni lögreglumanna fyrir skömmu. Sjálfur hefur hann sagt að það hafi verið lítil heiður þar sem aðeins hafi verið þrjú keppendur.

Um samstarf þeirra innan sambandsins segir Sveinn Pál vera mjög drifandi og duglegan og helst vilja ljúka öllum verkefnum samdægurs. Hann sé hugmyndaríkur og nýjungagjarn en líka skynsamur og réttlátur. „En ef honum misþýður getur fokið vel í hann.“ Sveinn segir það almennt álit að mikill missir hafi verið að Páli fyrir lögregluna en að sama skapi mikill fengur fyrir fangelsis-yfirvöld að fá hann til liðs við sig.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir Pál mikið ljúfmenni. „Hann er mjög tilfinningaríkur og tekur hlutunum alvarlega. Í einhverjum tilfellum tekur hann hlutina inn á sig en ég held að það sé bara kostur. Hann er ekki fyrir það að fara eins og köttur í kringum heitan graut og maður velkist aldrei í vafa um hvaða skoðanir hann hefur á málum hverju sinni þótt hann kunnir sig alltaf.“

Tæpitunguleysi Páls þykir helst vera það sem skilur hann frá mörgum embættismönnum og hafa einhverjir sagt að hann þurfi stundum að gæta tungu sinnar. Regin Mogensén, lögmáður hjá Kaupþingi og skólabróðir Páls úr lögræðinni, segir þann eiginleika þó gera hann



SALTFÉLAGIÐ

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

HEIMILIÐ ER HEILAGT

VEGGHIRSLAN KLASSÍSKA

UTEN.SILO VAR HÖNNUÐ AF DOROTHEE BECKER OG INGO MAURER ÁRIÐ 1969



Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**

AFSLÁTTARDAGAR!

Í TILFNI AF ÚTKOMU
EGG BLAÐSINS BJÓÐUM VIÐ
AFSLÆTTI AF NÝJUM VÖRUM
DAGANA 16-24 FEBRÚAR



10% af öllum innréttingum



20% af öllum flísum



10-20% af Karcher húnum



15% af öllum raftækjum



15% af KFF húsgögnum



30% af völdu veggfóðri

Eldhúsinnréttingar

Baðinnréttingar

Skápar

Húsgögn

Hreinlætistæki

Parket

Flísar

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRETTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

ER TÓMLEGT HEIMA HJÁ ÞÉR?


EGG BLAÐIÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



15% af öllum hreinlætistækjum



10% af Fatboy



15% af öllum ljósum



15% af öllum búshöldum



15% af Vibieffe húsgögnum



15% af öllum gjafavörum

Ljós

Raftæki

Gjafavara

Heimilistæki

Búshöld

Hurðir

Veggfóður

Hönnunarsetur

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAU 11-18 SUN 12-17

 **EGG**
SMÁRATORGI



KÆRA DAGBÓK Práinn Bertelsson skrifar

Zetulið

LAUGARDAGUR, 9. FEBRÚAR.

Það er enn í tísku hjá ákveðnum hópi að skrifa bókstafinn zetu í íslensku ritmáli þótt reglur um stafsetningu hafi losað okkur undan þeirri kvöð fyrir nokkrum áratugum.

Góður slatti af íslenskutímum í menntaskóla á æskuárum mínum fór í að tönnlast á því aftur og aftur að ös, ds og ts ættu að breytast í zetu ef þessir stafir lentu samhliða við ákveðnar málfræðilegar aðstæður. Síðan hafa stafsetningarreglur breyst (áður hefði maður skrifað „breytzt“) og stafsetningin gerð heldur einfaldari með því að fella að mestu niður stafinn zetu, sem í íslenskum framburði hljómar hvort sem er nákvæmlega eins og stafurinn ess. Það er dálítið uppskafningsleg tilgerð að skrifa zetu samkvæmt hinum úreltu reglum um ös, ds og ts, seldið eins og að ganga með einglyrni eða lonéttur í staðinn fyrir að nota gleraugu, linsur eða fara í laser-aðgerð – nema náttúrulega þetta sé áráttu eða geðröskun en ekki tilgerð og viðkomandi sé alvörusérvitringur. Ég sé í fréttum að það eru miklar bollaleggingar í gangi um hvort Villi Þ. eigi skilið að verða aftur borgarstjóri þegar Ólafur núverandi

borgarstjóri er búinn með sína salíbunu. Það getur vel verið að annaðhvort gribba eða garðálfur gætu komið betur fyrir sig orði en Vilhjálmur. Samt má reikna með því að kærleikurinn sigri í Flokknum sem hefur fyrirgefið stærri syndir en þær sem Villi hefur drýgt.

Arni Johnsen er genginn í endurnýjun lífdaganna sem alþingismaður og endar ábyggilega feril sinn sem seðlabankastjóri, enda fer að koma tími á viðhald á hinni fögru byggingu, Svörtuloftum.



